

**SKOÐUN** Málsmeðferðartími hælisleitenda mun styttast skrifar ráðherra. 24



**MENNING** Lengst útí rassgati festival í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. 36



**LÍFIÐ** Áfengisneysla er í brennidepli í fyrstu bók Ölmu Mjallar. 54



**SPORT** Ásdís Hjálmsdóttir verður í hópi bestu kastara heims í New York. 50

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ
Fimmtudagur
12. júní 2014
136. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

**FRÉTTIR**



**Lýsir yfir sakleysi**
Hreiðar Már Sigurðsson, einn þriggja fyrrverandi stjórnenda Kaupþings sem ákærðir eru fyrir umboðssvik, lýsti yfir sakleysi sínu í dómssal. 2

**Sigursælir í Írak** Herskáir íslamistar hafa náð borginni Tikrit í Írak á sitt vald, degi eftir að borgin Mosul féll í þeirra hendur. 12

**Ekkert yfirlit** Algengt er að lyf séu ekki til þegar sjúklingar þurfa á þeim að halda. Yfirlit yfir birgðir myndi leysa vandamálið. 16

**Með stærðfræðifóbíu** Ef kvenkyns kennari er óöruggur gagnvart stærðfræði kemur það niður á árangri stúlkna í faginu. 20




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | SA | 2 |
| Akureyri | 14° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 12° | SA | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | NA | 4 |
| Reykjavík | 15° | SA | 4 |

**Hlýjast N-til** Í dag verður hægur vindur eða hafgola, fremur skýjað S- og A-til en víða bjart norðanlands. Þykknar upp V-lands er líður á daginn. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Hm - blaðið | Fólk




# 300 ofbeldismál skráð á LSH

Árið 2013 voru tæplega þrjú hundruð atvik skráð er varða átök eða ofbeldi gegn starfsmönnum Landspítalans af hendi sjúklinga. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, hótanir eða ógnun. Flest atvikin gerast á geðsviði.

**HEILBRIGÐISMÁL** Um þriðjungur atvika sem eru skráð er varða starfsmenn Landspítala (LSH) eru átök eða ofbeldi af hendi sjúklinga, eða um þrjú hundruð atvik.

Atvik sem eru flokkuð sem átök eða ofbeldi geta tengst líkamlegu eða andlegu ofbeldi í garð starfsmanns, hótunum eða að sjúklingur sýni ógnandi hegðun eins og að grýta húsgögnum eða steyta hnefa.

Flest ofbeldisatvikin eru skráð á geðsviði árið 2013, eða 190 atvik. Næst kemur lyflækningasvið með 58 atvik en lyflækningasvið er stærsta svið spítalans og skýrir það að miklu leyti háar tölur þar.

Á bráðasviði eru 19 ofbeldisatvik skráð sem skýrist af ástandi sjúklinga sem þangað leita eftir aðstoð. Atvik skráð á kvenna- og barnasviði eru langflest á barna- og unglingageðdeildinni.

Bryndís Hlöðversdóttir, starfsmannastjóri Landspítala, segir skipulögð vinnubrögð viðhöfð þegar kemur að alvarlegum atvikum sem starfsmenn verða fyrir.

„Næsti stjórnandi fær tilkynningu um atvikið ásamt starfsmanni á mannauðsdeild sem heldur utan um slík mál ásamt framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs. Þessir aðilar bregðast við og hafa eftirlit með úrvinnslu málsins,“ segir Bryndís og bætir við að starfsmönnum sé veittur viðeigandi stuðningur innan deildar sem utan.

- ebg / sjá síðu 4

**OFBELDI GEGN STARFSFÓLKI** EFTIR SVIÐUM 2013

| Svið | Fjöldi |
|---|---|
| Bráðasvið | 19 |
| Geðsvið | 190 |
| Kvenna- og barnasvið | 14 |
| Lyflækningasvið | 58 |
| Rekstrarsvið | 3 |
| Skurðlækningasvið | 8 |



**HJÓLAÐI Í NÝJAN MEIRIHLUTA** Samstarfssáttmáli nýs meirihluta borgarstjórnar var kynntur í Elliðaárdalnum í gær. Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, mætti of seint á fundinn og þrátt fyrir að hann hafi bókstaflega hjólað í nýja meirihlutann buðu félagar hans hann velkominn. Sjá síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuslysum starfsfólks í fiskvinnslu fjölgað um helming á einum áratug:

# Slys algeng meðal ungs fólks

**ÖRYGGISMÁL** Vinnuslysum starfsfólks í fiskvinnslu hefur fjölgað ár frá ári um langt skeið. Tilkynnt vinnuslys voru helmingi fleiri árið 2011 en áratug fyrr. Vinnueftirlitið réðst í sérstakt eftirlitsátak vegna þessa í fyrra.

Helgi Haraldsson, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu, leiddi verkefnið. Hann segir fjölgun vinnuslysa í fiskvinnslu koma á óvart og afar neikvætt að staðan sé með þessum hætti.

„Menn velta fyrir sér ástæðunum, hvort tölfræðin ýki vandann. En þegar kafað er dýpra sést að skýringin er til dæmis ekki sú að fyrirtækin séu duglegri að tilkynna slysin en áður var. Þetta eru einnig alvöru slys, ef svo má segja, og ekki um frekari skráningu smáslysa að ræða sem skýrir þetta,“ segir Helgi og hnykkir á því að áþekka fjölgun vinnuslysa sé ekki að finna í öðrum atvinnugreinum.

Hann segir eftirtektarvert að slysum meðal ungra starfsmanna hafi fjölgað og eru þau langalgengust í yngstu aldurshópunum, bæði undir 18 ára og á aldursbilinu 19 til 24 ára. Því megi spyrja sig hvort þjálfun, fræðsla og upplýsingagjöf til starfsmanna sé ekki ein skýringanna.

- shá / sjá síðu 6



**SLYSUM FJÖLGAR** Slysum meðal ungra starfsmanna í fiskvinnslu hefur fjölgað síðustu ár og eru þau langalgengust í yngstu aldurshópunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






## SPURNING DAGSINS



Gunnar, verður þessi mynd ekki mikil afturför fyrir íslenska kvikmyndagerð?

**„Stundum er hollt að horfa í baksýnisspegilinn.“**

Gamanmyndin Bakk, sem væntanleg er á næsta ári, fjallar um tvo vini sem taka upp á því að bakka bíl sínum hringveginn í kringum Ísland.

Yfirdýralæknir segist ekki tjá sig um bréf svínaræktenda til landbúnaðarráðherra og Matvælastofnunar:

# Gera athugasemdir við störf yfirdýralæknis

**LANDBÚNAÐUR** „Það hafa komið fram athugasemdir frá Félagi svínaræktenda um störf yfirdýralæknis,“ segir Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu. Hann segir að ráðuneytið vilji ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir tjáir sig ekki um athugasemdir svínabænda og segir málið vera í höndum landbúnaðarráðherra og forstjóra Matvælastofnunar.

Ný lög um dýravernd tóku gildi um áramót. Samkvæmt þeim mega svínabændur ekki lengur gelda grísi án deyfingar.

RÚV vakti athygli á því í síðasta mánuði að svínbændur hefðu hundsað lögin.

Yfirdýralæknir tjáði sig um málefni svínabænda og voru svínabændur ósáttir við ummæli yfirdýralæknis.

Félag svínaræktenda ákvað því að skrifa landbúnaðarráðherra og forstjóra Matvælastofnunar bréf og fara þess að leit að yfirdýralæknir yrði úrskurðaður vanhæfur til að fjalla um málefni svínabænda.

Matvælastofnun gaf svínaræktendum frest til 10. júní til að skila áætlun um hvernig þeir ætluðu að hætta ólöglegum geldingum á grísum.

Á næstu dögum verður hafist handa við að safna gögnum frá héraðsdýralæknum um hvernig svínaræktendur ætli að uppfylla skilyrði laga um dýravernd og hætta með öllu að gelda grísi án deyfingar. **- jme**



**GRÍSAGELDINGAR** Frestur svínaræktenda til að skila áætlun um hvernig þeir ætli að uppfylla skilyrði laga um dýravernd er runninn út. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**STAÐAR NUMIÐ** Hinir auðþekkjanlegu leigubílar Lundúnaborgar stöðva hér umferð til og frá Buckinghamhöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leigubílstjórar stöðvuðu umferð víða um Evrópu í gær:

# Æfir yfir nýju snjallsímaforriti

**BRETLAND Þúsundir leigubílstjóra stöðvuðu alla umferð víða í miðborg Lundúna í gær til að mótmæla nýja snjallsímaforritinu Uber. Svipuð mótmæli áttu sér stað víða um Evrópu, meðal annars í París og Berlín.**

**Forritinu er ætlað að reikna út kostnað bílferða líkt og gjaldmælir í leigubíl. Þetta segja leigubílstjórar að gangi í berhögg við lög og eru þeir æfir yfir skorti á reglum varðandi notkun á slíkum forritum.**

**Frá þessu greinir fréttastofa BBC. Mótmæli leigubílstjóra hófust á Trafalgartorgi klukkan tvö í gær og stóðu í klukkustund. Um tíu þúsund bílstjórar tóku þátt og í það minnsta tveir voru handteknir. - bá**

Stefnir fréttamönnum RÚV:

# Missti vinnuna vegna fréttar

**DÓMSMÁL** Slökkviliðsmaður sem missti vinnuna í kjölfar umfjöllunar um hann á RÚV í janúar 2013 hefur stefnt Malínu Brand fréttakonu og Óðni Jónssyni, þáverandi fréttastjóra RÚV, fyrir meiðyrði.

Fréttin fjallaði um kynferðisbrot sem maðurinn var dæmdur fyrir tæpum tíu árum áður. Hún var flutt í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um brot Karls Vignis Þorsteinssonar. Maðurinn krefst ómerkingar á fréttinni. **- nej**

Átti kannabisplöntur og -lauf:

# Fimm mánuðir skilorðsbundnir

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa haft 302 kannabisplöntur í vörslu sinni í mars árið 2009.

Einnig fundust á sama tíma 4,95 grömm af kannabislaufum í fórum hans.

Kannabisplönturnar og -laufin ásamt fjórum brúsum af blómaáburði og einni peru voru gerð upptæk. Maðurinn var dæmdur til að greiða allan sakarkostnað. **- jme**

# Sakaðir um að hafa misnotað stöðu sína

Ákæra á hendur þremur fyrrverandi stjórnendum Kaupþings fyrir umboðssvik var þingfest í gær. Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri bankans, neitar sök og kallar málið nornaveiðar. Umboðssvik geta varðað allt að sex ára fangelsi.

**DÓMSMÁL** Ákæra á hendur þeim Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi stjórnendum Kaupþings, var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir eru ákærðir fyrir umboðssvik, sem geta varðað allt að sex ára fangelsisdómi ef sakir eru miklar.

Hreiðar Már mætti einn sakborninga í réttarsal í gær, en þeir Sigurður og Magnús koma til lands þann 4. júlí næstkomandi til að taka afstöðu til dómsins. Hreiðar neitaði sök fyrir dómi og sagðist aldrei á þeim fimmtán árum sem hann starfaði hjá Kaupþingi hafa tekið ákvörðun gegn hagsmunum bankans.

Ákæran snýr að lánveitingum bankans vegna viðskipta með skuldatryggingar fyrir hrun. Þeim Hreiðari, Sigurði og Magnúsi er gert að hafa misnotað stöðu sína sem stjórnendur bankans í lánveitingum til nokkurra eignarhaldsfélaga sem voru í eigu vildarviðskiptavina Kaupþings. Í ákærunni kemur fram að lánin hafi numið tugum milljarða króna.

Lánað var til sex félaga sem skráð voru á Bresku Jómfrúaeyjum. Félögin voru öll í eigu eða nátengd þeim Skúla Þorvaldssyni, Ólafi Ólafssyni og Kevin Stanford, nokkrum af stærstu viðskiptavinum Kaupþings. Lánin voru svo notuð til að kaupa skuldatryggingar á Kaupþing, með það fyrir augum að lækka skuldatryggingarálag bankans.

Hreiðar Már sagði fréttastofu í gær að hann vildi að málinu gegn sér yrði vísað frá á grundvelli brota við rannsókn málsins, en símtöl hans við verjanda sinn voru hleruð af starfsmönnum sérstaks saksóknara. Hann kallaði einnig málið í heild sinni „nornaveiðar“ í kjölfar efnahagshrunsins 2008.

„Það þurfti að leita sökudólga,“ segir Hreiðar. „Það hentaði mjög mörgum að efnahagskerfi Íslands hefði hrunið vegna þess að hér voru óheiðarlegir bankamenn.“

Þetta er í þriðja sinn sem þeir Hreiðar, Sigurður og Magnús eru ákærðir af sérstökum saksóknara en þeir hlutu allir fangelsisdóma fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun í Al-Thani málinu svokallaða í desember síðastliðnum. Þeim dómi hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.



**SEGIST SAKLAUS** Hreiðar Már ásamt verjanda sínum, Gesti Jónssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **„Það hentaði mjög mörgum að efnahagskerfi Íslands hefði hrunið vegna þess að hér voru óheiðarlegir bankamenn.**
>
> *Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings*

Verjendur þremenninganna lögðu fram sameiginlega bókun í gær þar sem þeir segja það óréttlátt að þeim ákærðu sé gert að verjast í þremur umfangsmiklum málum á sama tíma. Í bókuninni er þetta sagt andstætt reglum um réttláta málsmeðferð.

bjarkia@frettabladid.is


SUMARTILBOÐ




98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is
Opið laugardaga til kl. 16


Vinkonu konunnar sem fannst látin í Bleiksárgljúfri enn leitað seint í gær:

# Leitin enn ekki borið árangur

**SLYS** Björgunarsveitir á Suðurlandi leituðu í allan gærdag að íslenskri konu sem hefur verið týnd frá því á laugardagskvöld. Seint í gærkvöldi sagði Ólöf Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, að konan hefði ekki enn fundist og að líklega yrði leitað áfram um nóttina.

Erlend vinkona konunnar sem leitað er fannst látin í Bleiksárgljúfri innst í Fljótshlíð, skammt frá Hvolsvelli, í fyrradag. Leit að þeirri íslensku hófst að fullu um eittleytið í gær og voru allar björgunarsveitir á Suðurlandi kallaðar út sem og sveitir á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt heimildum Vísis fundust föt kvennanna við hyl í gljúfrinu og fundu kafarar lík erlendu konunnar í hylnum. Samkvæmt fyrstu skoðun virðist hún hafa drukknað og er nú einkum leitað niður með gilinu og út í Markarfljót.

Um er að ræða mjög víðtæka leit. Notast er við hunda, kafara, gönguhópa og þyrlu Landhelgisgæslunnar. Í gærkvöldi höfðu um 170 manns gengið til liðs við leitarsveitir en leitin engan árangur borið. **- bá**



**BJÖRGUNARSVEITIR** Konan fannst ekki í gær þrátt fyrir víðtæka leit. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON


4G
LTE
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.
Nokia Lumia 625
36.990 kr. stgr.
3.190 kr. /12 mán.
Nokia Lumia 520
19.990 kr. stgr.
1.790 kr. /12 mán.
Nokia Lumia 630
29.990 kr. stgr.
2.690 kr. /12 mán.
NÝTT UNDIR NÁLINNI!
Sumarið er komið í verslanir Nova. Hækkaðu vel í græjunum
og hlustaðu á góða tónlist með Nokia.
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.
Brandenburg

## SVONA ERUM VIÐ



**70** **milljónir plastburðarpoka falla til á ári hverju hér á landi, að því er talið er. Það eru um 1.120 tonn af plasti.**

Langstærstur hluti þessara plastpoka fer í urðun með öðrum heimilisúrgangi.

Sýslumaðurinn í Reykjavík skipar nefnd til að kanna lögheimili Sveinbjargar:

# Úrskurðar að vænta eftir 14 daga

**SVEITARSTJÓRNIR** Sýslumaðurinn í Reykjavík hefur skipað þriggja manna nefnd til að fjalla um kærumál Björgvins E. Vídalín, formanns Dögunar, vegna lögheimilisskráningar Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík. RÚV greindi frá ákvörðun sýslumanns í gær.

Nefndin hefur tvær vikur til að rannsaka málið.

Björgvin heldur því fram að Sveinbjörg hafi átt afdrep í Reykjavík en ekki raunverulegt heimili.



SVEINBJÖRG BIRNA SVEINBJÖRNSDÓTTIR

Yfirkjörstjórn Reykjavíkur hafði til skoðunar, á fundi stjórnarinnar þann 11. maí, hvort Sveinbjörg uppfyllti kjörgengisskilyrði í Reykjavík eftir að haft var eftir henni í fjölmiðlum að hún byggi í Kópavogi, en hún er með skráð lögheimili í Reykjavík, þar sem hún var í framboði.

Þar sem ákvörðun um réttmæti lögheimilisskráningar frambjóðenda heyrir ekki að lögum undir yfirkjörstjórn var kjörgengi Sveinbjargar úrskurðað gilt.

Yfirkjörstjórn sendi þó ábendingu til Þjóðskrár Íslands, með vísan til góðra stjórnsýsluhátta. Eftir því sem næst verður komist er Þjóðskrá enn að kanna hvar Sveinbjörg Birna býr. - jme

Mega flytja lausar stofur:

# Ráðuneyti snýr við úrskurði

**SAMGÖNGUR** Innanríkisráðuneytið hefur komist að þeirri niðurstöðu að Samgöngustofu hafi ekki verið heimilt að banna Svifflugfélagi Íslands að flytja lausar kennslustofur sem félagið keypti af Reykjavíkurborg upp á Sandskeið.

Leyfi þurfti frá Vegagerðinni, nú Samgöngustofu, til að flytja stofurnar. Samgöngustofa hafnaði flutningnum nema Kópavogur veitti samþykki sem fékkst ekki. - jme



**TEKIST Á** Meðlimur kirkjunnar borinn burt af lögreglu á meðan leit er gerð að Byung-eun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umfangsmikil leit í S-Kóreu:

# Þúsundir gera leit að auðjöfri

**SUÐUR-KÓREA** Um sex þúsund lögreglumenn réðust inn í húsaþyrpingu í borginni Anseong í Suður-Kóreu í gær í leit að milljarðamæringnum Yoo Byung-eun. Hann er eftirlýstur í tengslum við ferjuslysið í Sewol í apríl.

BBC greinir frá þessu. Húsaþyrpingin hýsir kirkju í eigu Byung-eun, sem einnig er talinn eiga fyrirtækið sem rak ferjuna sem sökk. Að minnsta kosti 292 létu lífið í slysinu en réttarhöld hófust á þriðjudag yfir fimmtán áhafnarmeðlimum ferjunnar. - bá

Tekur við dómaraembætti:

# Kosinn í hafréttardómstólinn

**DÓMSTÓLAR** Tómas H. Heiðar var kjörinn dómari við Alþjóðlega hafréttardóminn á fundi aðildarríkja hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna í New York, í gær.



TÓMAS H. HEIÐAR

Hafréttardómurinn hefur aðsetur í Hamborg og er skipaður 21 dómara, þar af þremur frá Vesturlöndum.

Tómas tekur við dómaraembættinu 1. október en hann var kjörinn til níu ára. - jme

# Þrjú hundruð ofbeldisatvik er snerta starfsfólk skráð

**Árið 2013 voru tæplega þrjú hundruð atvik skráð er varða átök eða ofbeldi gegn starfsmönnum Landspítalans af hendi sjúklinga. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt, hótanir eða ógnun. Flest atvikin gerast á geðsviði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Flest atvik sem eru skráð er varða starfsmenn Landspítala eru átök eða ofbeldi af hendi sjúklinga eða um þrjú hundruð atvik. Næstalgengast er að starfsmenn verði fyrir óhappi eða slysi við vinnu sína eða í rúmlega 250 tilfellum.

Atvik sem eru flokkuð sem átök eða ofbeldi eru afar ólík í eðli sínu; geta verið líkamlegt ofbeldi en einnig að sjúklingur sýni af sér ógnandi hegðun.

Flest ofbeldisatvikin eru skráð á geðsviði árið 2013, eða 190 atvik, þrátt fyrir eingöngu 430 starfsgildi. Ofbeldisatvikum á geðsviði hefur þó fækkað verulega eftir að bráðageðdeild komst í gagnið í febrúar. Til dæmis hefur fjöldi mála þar sem halda þarf sjúklingi vegna ofbeldisógnar fækkað um 67 prósent frá árinu 2009.

„Með því að bæta öryggið, auka þjálfunina og skapa betra rými hefur okkur tekist að fækka atvikum,“ segir María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans. „Öll hönnun á nýju deildinni byggist á öryggi og það er til dæmis passað að allir sjúklingar séu í sjónlínu frá vaktherberginu.“

María segir áherslu lagða á hvernig hægt sé að koma í veg fyrir ofbeldið. „Það að sýna ógnandi hegðun er ein leið til að tjá vanlíðan. Þess vegna er svo mikilvægt að lesa í þessa hegðun, skilja hana og hjálpa fólki áður en ofbeldi brýst út.“

Síðustu ár hefur sérþjálfað varnarteymi tekist á við sjúklinga sem róa þarf niður. Í versta falli þarf að halda sjúklingum niðri ef ekki tekst að róa þá með samtali en á Íslandi eru ólar ekki notaðar við slíkt.

„Það þarf að vanda til verka og passa að allir haldi reisn. Það er mikilvægt fyrir starfsmenn að kunna ákveðna ferla og finna til öryggis. Einnig er mikilvægt að sjúklingar séu ekki niðurlægðir og finni ekki til sektarkenndar eftir að hafa misst stjórn á sér. Það hjálpar ekki í bata.“

Þegar starfsmenn spítalans lenda í alvarlegum atvikum við vinnu sína er þeim veittur viðeigandi stuðningur af sérstöku teymi innan spítalans og samkvæmt mannauðsdeild spítalans er haft gott eftirlit með úrvinnslu mála.

erlabjorg@frettabladid.is



**KLEPPUR** Flest atvikin tengd ofbeldi og átökum eiga sér stað á geðdeildum Landspítalans á Kleppi og við Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ATVIK SEM SNERTA STARFSMENN LANDSPÍTALA




**292** er heildarfjöldi ofbeldisatvika sem snertu starfsfólk Landspítala árið 2013

**190** atvikanna snertu starfsfólk geðsviðs, eða 65%




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 27° | Friedrichshafen | 28° | New York | 23° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 20° | Orlando | 30° |
| Basel | 33° | Kaupmannahöfn | 20° | Ósló | 23° |
| Berlín | 23° | Las Palmas | 24° | París | 25° |
| Billund | 21° | London | 24° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 27° | Mallorca | 34° | Stokkhólmur | 21° |




**Á MORGUN** Strekkingur allra syðst, annars, hæg breytileg átt.

**LAUGARDAGUR** Hæg S-læg eða breytileg átt.

**FÍNASTA SUMARVEÐUR** Í dag má búast við hægum vindi á landinu, yfirleitt skýjuðu sunnan og austan til en björtu N- og NV-til framan af degi. Þykknar heldur upp síðdegis vestan til og líkur á sídegisskúrum. Hlýjast inn til landsins norðanlands.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Sturtuklefarnir eru komnir aftur !



Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvenær nam asparglytta land hér?
**2.** Hvaða Íslendingur er markahæstur í norsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu?
**3.** Hver leikur Gunnar á Hlíðarenda í Stundinni okkar næsta vetur?

**SVÖR:**

**1.** Árið 2005. **2.** Viðar Örn Kjartansson. **3.** Hafþór Júlíus Björnsson.

Fyrsti undirbúningsfundur nýs stjórnmálaafls var haldinn á Grand Hóteli:

# Fjöldinn fór fram úr væntingum

**STJÓRNMÁL** Fyrsti undirbúningsfundur nýs stjórnmálaafls sem hefur fengið vinnuheitið Viðreisn var haldinn á Grand Hóteli í gær. Fundargestir þurftu að greiða 1.500 krónur í aðgangseyri og myndaðist löng biðröð fyrir utan fundarsalinn.

Unnið var í hópum á fundinum og fjallað var um gjaldeyrismál, menntamál og heilbrigðismál, svo dæmi séu tekin. Hóparnir skiluðu af sér skjölum sem verða notuð til að útfæra stefnu flokksins.

Benedikt Jóhannesson er einn af stofnendum flokksins, sem telst vera Evrópusinnaður hægriflokkur. Hann er hæstánægður með mætinguna á fundinn. „Við bjuggumst við 120 manns en við urðum að fá annan sal því það komu svo margir.“

Hann bætir við að fjölbreytileg viðhorf hafi komið fram í einhverjum málum, eins og búist hafi verið við, en að víðast hvar hafi samhljómurinn verið mikill.

**- fb**



**FYRIR FUND** Benedikt Jóhannesson skömmu fyrir undirbúningsfundinn sem var haldinn á Grand Hóteli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Smáralind gefur höggmynd:

# Hafmeyjan í Reykjavík á ný

**REYKJAVÍK** Verslunarmiðstöðin Smáralind hefur ákveðið að gefa Reykjavíkurborg höggmyndina Hafmeyjuna eftir Nínu Sæmundsson. Jón Gnarr borgarstjóri tekur formlega á móti höggmyndinni í Hljómskálagarðinum klukkan tvö í dag.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá borginni. Hafmeyjan á sér skrautlega sögu en önnur afsteypa Nínu af höggmyndinni var sprengd í loft upp í Reykjavíkurtjörn á nýársdag 1960.

**- bá**



**SNYRTILEGUR** Kínverskur hermaður lagar kaskeiti kollega síns er þeir búa sig undir að taka á móti Renzi fyrir framan Höll fólksins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Ítalíu er á ferðalagi um Asíu:

# Renzi og Jingping funda í Kína

**KÍNA Matteo Renzi, nýr forsætisráðherra Ítalíu, er um þessar mundir staddur í Kína. Heimsóknin er hluti af opinberu ferðalagi um Asíu sem miðar að því að styrkja viðskiptastöðu Ítala í álfunni. Í gær hittust þeir Renzi og Xi Jingping, forseti Kína, í Höll fólksins í Peking og lýsti sá síðarnefndi yfir aðdáun sinni á efnahagsáætlun nýrrar ríkisstjórnar Ítalíu.**

**Á mánudaginn varð Renzi fyrsti forsætisráðherra Ítalíu til að heimsækja Víetnam opinberlega. Hann mun einnig koma við í Kasakstan á ferð sinni um Asíu.**

**- bá**

Skattamál Apple rannsökuð:

# Stórfyrirtæki skoðuð af ESB

**BRUSSEL** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ætlar að rannsaka alþjóðlegu fyrirtækin Apple, Starbucks og Fiat í tengslum við skattasamkomulag þeirra við þrjú lönd í Evrópusambandinu.

Frá þessu greinir BBC. Löndin sem um ræðir eru Írland, Holland og Lúxemborg. Í fyrra sakaði rannsóknarteymi bandaríska öldungaþingsins Írland um að veita Apple sérstaka meðferð í skattamálum.

Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort skattamál fyrirtækjanna standist reglugerðir Evrópusambandsins.

**- bá**

Konur fjölmenna til Malmö:

# Jafnréttisbaráttan í brennidepli

**JAFNRÉTTISMÁL** Talið er að allt að 15 þúsund konur, þar af um 200 íslenskar, séu komnar til að taka þátt í Nordisk Forum í Malmö í Svíþjóð.

Á ráðstefnunni er fjallað um fjölmarga þætti er tengjast kvenna- og jafnréttisbaráttu, jafnt á Norðurlöndunum sem annars staðar í heiminum.

Ráðstefnan hefst í dag og henni lýkur á sunnudag.

Þetta er í þriðja sinn sem Nordisk Forum er haldin, fyrsta ráðstefnan var í Ósló í Noregi 1998 og sex árum síðar var ráðstefna í Turku í Finnlandi.

**- jme**

# Fjölgun vinnuslysa í fiskvinnslu margföld

Slysaskráning Vinnueftirlitsins sýnir stöðuga fjölgun vinnuslysa hjá fiskvinnslufyrirtækjum um langt árabil. Betri skráning slysa er ekki skýringin. Athyglin beinist að þjálfun og upplýsingagjöf starfsmanna; bæði ungs fólks og erlends vinnuafls.

**ÖRYGGISMÁL** Vinnuslysum starfsfólks í fiskvinnslu hefur fjölgað ár frá ári um langt skeið. Tilkynnt vinnuslys voru helmingi fleiri árið 2011 en áratug fyrr. Vinnueftirlitið réðst í sérstakt eftirlitsátak vegna þessa í fyrra.

Helgi Haraldsson, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu, leiddi verkefnið. Hann segir fjölgun vinnuslysa í fiskvinnslu koma á óvart og afar neikvætt að staðan sé með þessum hætti. „Menn velta fyrir sér ástæðunum, hvort tölfræðin ýki vandann. En þegar kafað er dýpra sést að skýringin er til dæmis ekki sú að fyrirtækin séu duglegri að tilkynna slysin en áður var. Þetta eru einnig alvöru slys, ef svo má segja, og ekki um frekari skráningu smáslysa að ræða sem skýrir þetta,“ segir Helgi og hnykkir á því að áþekka fjölgun vinnuslysa er ekki að finna í öðrum atvinnugreinum.

Tilkynningar um útvortis og innvortis blæðingar og tognanir hafa aukist en fjöldi beinbrota er áfram um 20 á ári, svipað og fyrir tvo áratugi þrátt fyrir fækkun starfsmanna í greininni.

Vinnueftirlitið réðst snemma árs 2013 í sérstakt eftirlitsátak vegna þessarar stöðu. Þrjár skilgreindar ástæður voru fyrir verkefninu; vísbendingar um fjölgun slysa, nýleg alvarleg slys og ítrekuð dæmi um að vélbúnaður uppfyllti ekki ákvæði reglna og reglugerða.

En hverjar eru ástæður þessarar fjölgunar slysa?

Helgi segir að ekkert eitt standi upp úr en eftirtektarvert sé að slysum meðal ungra starfsmanna hefur fjölgað og eru þau langalgengust í yngstu aldurshópunum, bæði undir 18 ára og á aldursbilinu 19 til 24 ára. Því megi spyrja sig hvort þjálfun, fræðsla og upplýsingagjöf starfsmanna sé ekki ein skýringanna. Hann segir að hafa beri hugfast í samhengi við fjölgun slysa að fiskvinnslan er ein fárra atvinnugreina sem halda úti sérstökum námskeiðum, en þau nái frekar til reyndari hóps starfsmanna.

Í því ljósi liggur fyrir að erlendu verkafólki hefur fjölgað í fiskvinnslu, og spurður hvort það geti verið hluti skýringarinnar útilokar Helgi það ekki, tungumálaörðugleikar auðveldi sannarlega ekki þjálfun og upplýsingagjöf.

svavar@frettabladid.is



**FISKVINNSLA** Vinnuslysum í fiskvinnslu fjölgar langt umfram aðrar atvinnugreinar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fjórfalt fleiri vinnuslys skráð árið 2012

Á slysaskrá Vinnueftirlitsins voru skráð fjórfalt fleiri slys árið 2012 en árið 1991 eða 400 slasaðir á hverja 10.000 starfandi. Allt tímabilið frá 1991 til dagsins í dag sýnir stöðuga fjölgun.

Hafa verður í huga að fiskvinnslufólki hefur fækkað mikið á tímabilinu; fjöldinn var rúmlega 6.000 árið 2002 en rétt losaði 4.000 árið 2012, samkvæmt gögnum Samtaka fiskvinnslustöðva. Fjöldi alvarlegra slysa eins og beinbrota á hverju ári breytist ekki þrátt fyrir mikla fækkun starfsfólks.



www.n1.is facebook.com/enneinn

# Vegabréfin rúlla af stað

Vegabréf N1 er orðinn fastur liður í sumarfríi margra Íslendinga. Fjölskyldur á ferðinni fá skemmtilegar stimpilgjafir á þjónustustöðvum N1 um allt land. Í lok sumars drögum við út hundrað fullstimpluð Vegabréf sem hljóta glæsilega vinninga.

**Vinningar:**

**1x** Heimsferðir — **Fjölskylduferð til Tenerife í viku í vetur**
Flug og gisting fyrir fjóra (2 fullorðnir og 2 börn) að verðmæti 500.000 kr.

**3x** Playstation 4 leikjatölva

**3x** Samsung spjaldtölva

**3x** Samsung Ace 3 snjallsími

**30x** Máltíð fyrir tvo á Hamborgarafabrikkunni

**30x** 5.000 kr. gjafakort í Smáratívolí

**30x** Áskriftarpakki í 3 mánuði að SkjáEinum

**Vegabrefaleikur.is**

Taktu upp myndband af fjölskyldunni að leysa þrautirnar í Vegabréfinu og sendu inn í gegnum vefsíðuna www.vegabrefaleikur.is – þú getur unnið glæsileg verðlaun.

Það er alltaf stutt í næstu N1 stöð

#vegabrefaleikur




Náðu í Vegabréfið á næstu N1 stöð

Safnaðu stimplum og fáðu vinninga

Taktu þátt í skemmtilegum leik á vegabrefaleikur.is

Minute to Win It Ísland — Sýningar hefjast á SkjáEinum næsta haust

**Hluti af ferðasumrinu** N1



**TEKIST Á** Lögregla beitir táragasi gegn mótmælendum í borginni Sao Paulo í júní í fyrra. MYND/MÍDÍA NINJA

Óttast ástand í Brasilíu:

# Mótmælendur beittir ofbeldi

**MANNRÉTTINDI** Mótmælendur í Brasilíu sem gripið hafa til aðgerða í aðdraganda heimsmeistaramótsins í fótbolta eiga á hættu að sæta ofbeldi af hálfu lögreglu og hervaldsins. Þetta segir Amnesty International.

Í nýrri skýrslu samtakanna segir að notkun á táragasi og gúmmíkúlum gegn mótmælendum hafi átt sér stað sem og handahófskenndar handtökur. Samtökin segjast búast við því að ekkert lát verði á slíku ofbeldi á meðan á keppninni stendur. **- bá**

**JERÚSALEM, AP**

### Eldflaug grandaði einum

Einn lést og þrír aðrir slösuðust í loftárás Ísraelsmanna á Gasa-svæðið í gærkvöldi. Um er að ræða fyrstu mannskæðu átökin milli Ísraels og Palestínu síðan nýmynduð ríkisstjórn Mahmouds Abbas tók við stjórn Gasa-svæðisins umdeilda.

MR-ingar færa peningagjöf:

# Landakot styrkt um 600.000 kr.

**FÉLAGSMÁL** Góðgerðarfélag Menntaskólans í Reykjavík færði á þriðjudag heilabilunardeild L4 á Landakoti rúmar sex hundruð þúsund krónur að gjöf til að bæta aðbúnað sjúklinga.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, tók við gjöfinni frá þremur útskriftarnemum skólans. Fénu var safnað í árlegri góðgerðarviku MR, þar sem meðal annars var haldið bingó og góðgerðarskemmtun.

Í tilkynningu spítalans segir að framlag nemendanna fari í að endurnýja ýmsan búnað á deildinni, svo sem dýnur og rúm. **- bá**

Meirihluti í Norðurþingi:

# Vinstri græn og D-listi saman

**NORÐURÞING** Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn hafa myndað meirihluta í sveitarstjórn Norðurþings. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut þrjá sveitarstjórnarmenn kjörna og Vinstri græn tvo.

Friðrik Friðriksson, oddviti Sjálfstæðisflokks, verður forseti sveitarstjórnar. Óli Halldórsson, oddviti VG, verður formaður Byggðaráðs.

Á síðasta kjörtímabili starfaði Sjálfstæðisflokkurinn í meirihluta með Framsóknarflokki. Sá meirihluti hélt velli eftir síðustu kosningar. Samfylkingin fékk tvo sveitarstjórnarmenn kjörna sem og Framsóknarflokkurinn. **-sa**



**NÝR BORGARSTJÓRI** Það var S. Björn Blöndal sem kynnti Dag B. Eggertsson sem nýjan borgarstjóra í Reykjavík. Sóley Tómasdóttir og Halldór Auðar Svansson virtust ánægð með fyrirkomulagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Styrkur að koma úr ólíkum áttum

Samstarfssáttmáli nýs meirihluta borgarstjórnar var kynntur í sól og blíðu í Elliðaárdalnum í gær. Dagur B. Eggertsson tekur við sem borgarstjóri af Jóni Gnarr.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samstarfssáttmáli nýs meirihluta borgarstjórnar sem er myndaður af Samfylkingunni, Bjartri framtíð, Vinstri grænum og Pírötum var kynntur í miklu blíðviðri í Elliðaárdal í gær.

„Þetta leggst mjög vel í mig," segir Dagur B. Eggertsson, sem verður nýr borgarstjóri Reykjavíkur. „Ég held að það sé styrkur að þessi hópur kemur úr ólíkum áttum og þannig er borgin svolítið líka. Við ætlum að spila svolítið á breiddinni."

Spurður út í staðsetningu fundarins í Elliðaárdal segir hann að dalurinn sé einn sá fallegasti í Reykjavík. „Ég held að við eigum öll okkar tengingar við Elliðaárdalinn. Ég er svolítið alinn hér upp og þetta er einn af mínum leynistöðum. Það er erfitt að velja stað í Reykjavík sem sameinar alla en Elliðaárdalurinn er einn af þeim."

Í sáttmálanum segir að virðing fyrir öllu fólki, komandi kynslóðum og náttúrunni verði sett í öndvegi. Borgin mun beita sér fyrir uppbyggingu á 2.500 til 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðum í Reykjavík á næstu þremur til fimm árum. Gagnsæi og aukið íbúalýðræði er eitt af meginverkefnum kjörtímabilsins.

### VERKASKIPTING OG FORMENNSKA Í HELSTU RÁÐUM OG NEFNDUM Í REYKJAVÍKURBORG:

- **Borgarstjóri: Dagur B. Eggertsson**
- **Formaður borgarráðs: S. Björn Blöndal**
- **Forseti borgarstjórnar: Sóley Tómasdóttir**
- **Formaður stjórnkerfis- og lýðræðisnefndar: Halldór Auðar Svansson**
- **Formaður skóla- og frístundaráðs: Skúli Helgason**
- **Formaður velferðarráðs: Björk Vilhelmsdóttir fyrsta árið, Ilmur Kristjánsdóttir tekur við að ári liðnu**
- **Formaður umhverfis- og skipulagsráðs: Hjálmar Sveinsson**
- **Formaður mannréttindaráðs: Líf Magneudóttir**
- **Formaður menningar- og ferðamálaráðs: Elsa Yeoman**
- **Formaður íþrótta- og tómstundaráðs: Þórgnýr Thoroddsen**

S. Björn Blöndal úr Bjartri framtíð verður formaður borgarráðs, Sóley Tómasdóttir úr Vinstri grænum forseti borgarstjórnar og Píratinn Halldór Auðar Svansson formaður nýrrar stjórnkerfis- og lýðræðisnefndar.

Björn segir að meirihlutaviðræðurnar hafi gengið mjög vel. „Það hafa alls kyns ágreiningsmál komið upp en okkur hefur gengið mjög vel að komast að sameinlegri niðurstöðu. Við vorum mjög hreinskilin allan tímann og byrjuðum á að taka á erfiðustu málunum."

Sóley er sátt við nýja sáttmálann og líst vel á samstarfið. „Ég held að við eigum eftir að bæta hvert annað upp. Við höfum tiltölulega ólíkar áherslur en eins og segir í innganginum að málefnasáttmála okkar þá er markmið okkar að við verðum stærri en summan af pörtunum okkar."

Píratar eru í fyrsta sinn í borgarstjórn og sömuleiðis í meirihlutasamstarfi. Halldór er ánægður með hversu mikið af málum Pírata er inni í sáttmálanum. „Lykilatriðið í svona samstarfi er að fólk nái vel saman og líki hverju við annað. Það hefur ekki verið vandamál hingað til."

Ný borgarstjórn tekur við á borgarstjórnarfundi næstkomandi mánudag. **freyr@frettabladid.is**

## Punktar úr málefnasamningi

**Stjórnkerfi og lýðræði**
Gagnsæi og aukið íbúalýðræði er eitt af meginverkefnum kjörtímabilsins. Markmiðið er að auka traust, bæta upplýsingamiðlun og hvetja til lýðræðislegrar þátttöku.

**Húsnæðismál**
Borgin beiti sér fyrir því að 2.500–3.000 leigu- og búseturéttaríbúðir fari í uppbyggingu í Reykjavík á næstu þremur til fimm árum. Uppbyggingin verði blanda alls konar íbúða; almenna, stúdentaíbúða, íbúða fyrir fjölskyldur og einstaklinga, íbúða fyrir fatlað fólk, heimilislausa og eldra fólk.

**Bætt kjör barnafjölskyldna**
Gjaldskrár verði samræmdar og einfaldaðar. Á árinu 2015 verður fjármagn til skóla og frístundasviðs aukið um 100 milljónir króna og árið 2016 verða settar 200 milljónir til viðbótar til lækkunar á námsgjöldum í leikskólum. Einnig verði teknir upp systkinaafslættir þvert á skólastig. Þá verði frístundakort hækkað um 5.000 krónur á barn, hvort ár.



**Velferð**
Áhersla verði lögð á einstaklingsbundinn stuðning til sjálfshjálpar og virkni. Þeim sem þarfnast fjárhagslegrar aðstoðar verði boðin tækifæri til vinnu, náms, starfsendurhæfingar eða meðferðar. Vinnufærum einstaklingum án atvinnu verði fundin störf í samvinnu við atvinnulífið, eftir því sem kostur er. Sérstök áhersla verði lögð á forvarnir og virkni ungs fólks. Nauðsynlegt er að auka fé til málaflokks fatlaðs fólks.







**AEG**
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

# HEITT TILBOÐ Á OFNUM, HELLUBORÐUM OG VIFTUM

## 20-30% AFSLÁTTUR




# STÆRRI AÐ INNAN · FLOTTARI AÐ UTAN

BE3003001-M




3 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE5303071-M



5 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni.
Íslensk notendahandbók.

BE7314401-M



7 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum.
Íslensk notendahandbók.

BP9304151-M



9 LÍNAN

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi.
Íslensk notendahandbók.

## SÉRTILBOÐ Á ÞESSUM OFNI

BE3003001-M

**Áður: 134.900,-**
***Nú: 99.900,-***

HK634000XB




AEG helluborð með stálkanti 57cm

## SÉRTILBOÐ

HK634000XB

**Áður: 115.900,-**
***Nú: 79.900,-***




***Eyjuháfar · Veggháfar · Viftur > 25% afsláttur***

### AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

### FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

### AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas, þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.

*Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða*

OPIÐ VIRKA DAGA KL.10-18
Lokað á laugardögum í sumar

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800**
**www.ormsson.is**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR · BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

# Leiguliðar krefjist endurgreiðslu

Lögfræðingur sem ásamt frændsystkinum leigir lóð af ríkinu undir hús sem afi þeirra reisti austur á landi segir vonbrigði að fjármálaráðuneytið segi nýtt álit umboðsmanns Alþingis um ólögmæta hækkun jarðarleigu ekki eiga við í öðrum málum og skorar á aðra leiguliða að krefjast leiðréttingar. Starfsmaður jarðadeildar ríkisins á von á kröfubréfum en að sýnt verði fram á að málið sé ekki fordæmisgefandi.

**STJÓRNSÝSLA** Aagot Vigdís Óskarsdóttir, lögfræðingur og lektor við Háskólann á Bifröst, segir það ekki rétt hjá jarðadeild fjármálaráðuneytisins að niðurstaða umboðsmanns Alþingis varðandi leigu ábúanda á ríkisjörð hafi ekki áhrif á leigugjald á öðrum ríkisjörðum og -lóðum.

„Ég stóð í bréfaskriftum við ráðuneyti – fyrst ráðuneyti landbúnaðarmála og síðar fjármála- og efnahagsráðuneyti – í rúmlega tvö ár vegna hækkunar leigugjalds fyrir litla lóð á Fljótsdalshéraði sem við, hópur frændsystkina, höfum á leigu. Á lóðinni stendur lítið steinhús sem afi okkar byggði á fjórða áratug síðustu aldar og er nú í okkar eigu. Hækkunin sem ráðuneytið ákvað einhliða og tilkynnti okkur um árið 2011 nam rúmlega 300 prósentum,“ segir Aagot.

Að sögn Aagotar reyndi hún í tvö ár að leiða embættismönnum ráðuneytisins fyrir sjónir að ráðuneytið hefði ekki lagaheimild til að taka einhliða ákvörðun um hækkunina. Engin rök hafi dugað á ráðuneytismenn.

„Að lokum brugðum við á það ráð að leggja málið fyrir umboðsmann Alþingis. Hann hefur nú lokið athugun sinni á máli okkar, samhliða, og með vísan til, álitsins sem sagt var frá í Fréttablaðinu [í gær] og endurspeglar niðurstaða hans það sem ég hef reynt að segja ráðuneytinu síðan 2011,“ segir Aagot.



> Ég bjóst satt að segja við því að ráðuneytið hefði samband við alla þá sem sættu ólögmætri hækkun og gerði þeim grein fyrir málinu, bæðist afsökunar og endurgreiddi síðan ofgreidda leigu.
>
> *Aagot Vigdís Óskarsdóttir lögfræðingur*

Í málinu sem Fréttablaðið sagði frá í gær og er frá Skaftárhreppi sagði umboðsmaður Alþingis enga lagaheimild fyrir reglunum sem ríkið setti um leiguhækkun í júlí 2011.

„Með hliðsjón af tilmælum umboðsmanns Alþingis um að ráðuneytið endurskoði almennt þá framkvæmd sem þarna er um að ræða, átti ég von á að þar á bæ gengju menn í að vinda ofan af lögleysunni. Ég bjóst satt að segja við því að ráðuneytið hefði samband við alla þá sem sættu ólögmætri hækkun og gerði þeim grein fyrir málinu, bæðist afsökunar og endurgreiddi síðan ofgreidda leigu,“ segir Aagot sem reyndist ekki sannspá um þetta atriði.



**Á HÉRAÐI** Leiga fyrir lóð með litlu steinhúsi hækkaði um 300 prósent. Myndin er af annarri jörð á Fljótsdalshéraði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég varð því fyrir verulegum vonbrigðum þegar ég sá það sem haft var eftir talsmanni fjármála- og efnahagsráðuneytisins í Fréttablaðinu í gær. Þar var fullyrt að mál það sem sagt var frá í frétt blaðsins væri einstakt og að álit umboðsmanns hefði ekki áhrif á leigu annarra ríkisjarða. Þetta er ekki rétt,“ fullyrðir Aagot.

Mistök geta alltaf orðið í stjórnsýslunni að sögn Aagotar. Þá eigi viðkomandi stjórnvald og starfsmenn þess að leita allra leiða til að leiðrétta það sem miður hefur farið og læra af mistökunum. Ráðuneytið hljóti að verða, með vísan til jafnræðissjónarmiða, að endurskoða málið í heild en ekki láta við það sitja að leiðrétta það eingöngu gagnvart þeim einstaklingum sem komnir séu með álit umboðsmanns Alþingis í hendur.

„Ég skora á alla þá sem sætt hafa ólögmætri hækkun leiguverðs fyrir ríkisjarðir á grundvelli nefndra reglna að þrýsta á ráðuneytið um leiðréttingu,“ segir Aagot.

Óskar Páll Óskarsson, starfsmaður jarðadeildar fjármálaráðuneytisins, segir málið sem Fréttablaðið sagði frá í gær það eina sinnar tegundar sem umboðsmaður hafi sent til ráðuneytisins. Það sé einstakt vegna þess að í samningi um jörðina frá 1985 sé ekki almennt endurskoðunarákvæði eins og tíðkist.

„Ég á alveg von á að við fáum einhver bréf þar sem menn eru að óska eftir að þeirra hækkun verði afturkölluð á grundvelli þessa álits og það er þá okkar að skoða það,“ segir Óskar. „Ég þykist vita að menn bendi á að þetta sé fordæmi og það er þá okkur að sýna fram á að þetta sé ekki fordæmi.“ gar@frettabladid.is




DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
KAUPTU EINA VÖRU
í dömudeild
OG FÁÐU AÐRA Á
HÁLF VIRÐI*
Gildir út sunnudag
Opið 11 - 21 í kvöld
* Gildir ekki af snyrtivörum, náttfötum, nærfatnaði, og vörum frá WAREHOUSE.
Greitt er fullt verð fyrir dýrari vöruna.
Gildir ekki af útsöluvörum.
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**NJÓSNASKIPIÐ MARJATA** Norðmenn ætla að vera tilbúnir þegar Rússar fara að auka hernaðarumsvif við norðurskautið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glænýtt norskt njósnaskip verður notað á norðurslóðum:

## Norðmenn fylgjast með Rússum

**NOREGUR, AP** **Snemma í mars sást dularfullt skip, á stærð við stóra farþegaferju, sigla nýsmíðað úr höfn í Rúmeníu, halda sem leið liggur í gegn um Bospórussund og þaðan áleiðis til Skandinavíu.**

**Um það bil mánuði síðar skýrði Kjell Grandhagen, yfirmaður leyniþjónustu norska hersins, frá því að skipið væri ætlað til njósna og eftirlits á norðurslóðum, sérstaklega útbúið til að fylgjast með umsvifum rússneska hersins þar.**

**„Stjórnmálaleiðtogar okkar hafa gert kröfur um að fá lýsingar á því hvað er að gerast á þessum slóðum," sagði Grandhagen í viðtali við AP-fréttastofuna.**

**Hann upplýsti jafnframt að smíði skipsins hefði kostað jafnvirði tæpra 30 milljarða íslenskra króna. Til bráðabirgða fékk skipið nafnið Marjata.**

**- gb**

# Sigurganga ISIS í Írak heldur áfram

Herskáir íslamistar hafa nú náð borginni Tikrit á sitt vald, degi eftir að borgin Mosul féll í þeirra hendur. Her og lögregla forðuðu sér í kjölfar átaka og almenningur flýr borgirnar. Núri al Maliki forseti vill refsa þeim hermönnum sem flúðu.

**ÍRAK, AP** Núri al Maliki, forseti Íraks, segir að herskáir íslamistar geti þakkað sigurgöngu sína síðustu daga samsæri meðal hers og lögreglu, sem hafi flúið átök í borgunum Mosul og Tikrit í staðinn fyrir að standa vörð um borgirnar.

Hann segir að refsa eigi þeim sem flúðu en heitir því að nú verði taflinu snúið við: „Í dag er mikilvægast að við erum að vinna að því að leysa vandann," sagði hann.

„Við erum að vinna að undirbúningi og því að fá nýjan liðsafla í hersveitirnar sem sjá um að rýma Nineveh-hérað og hrekja þessa hryðjuverkamenn á brott," sagði Al Maliki.

Uppreisnarmenn úr samtökunum Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær, eða ISIS, hafa á síðustu dögum náð borgunum Mosul og Tikrit á sitt vald. Mosul er næststærsta borg landsins, höfuðborg Nineveh-héraðs í norðurhluta þess, en Tikrit er mun sunnar og aðeins í 130 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Bagdad.

Liðsmenn samtakanna hafa náð stjórnarbyggingum á sitt vald, hrakið burt her og lögreglu og hertekið herbifreiðar og annan búnað, en almennir borgarar hafa flúið í stórum stíl.

Talið er að allt að hálf milljón manna hafi forðað sér frá Mosul, sem féll í hendur uppreisnarmanna aðfaranótt þriðjudags. Fjöldi fólks hefur einnig flúið frá borginni Tikrit, en hún virðist hafa verið komin undir stjórn uppreisnarmanna í gær eftir nokkur átök í borginni framan af degi.

Athíl al Núnajaifi, héraðsstjóri í Mosul, var flúinn til borgarinnar Abril, sem er höfuðstaður sjálfstjórnarsvæðis Kúrda í norðanverðu Írak.

Hann sagðist bjartsýnn á að Mosul geti „komist aftur á lappir og losað sig við alla utanaðkomandi", að því er hann sagði við fréttamenn í Abril í gær.

Hann sagði stjórnvöld vinna að því að fá íbúa til þess að mynda vopnaðar sveitir sem myndu gegna hlutverki við að ná borginni aftur.

Uppreisnarsveitir ISIS náðu fyrr á árinu borgunum Ramadi og Falluja, skammt vestur af Bagdad, á sitt vald. Stjórnarhernum hefur enn ekki tekist að hrekja þær þaðan.

Al Maliki forseti hvatti íbúa í Nineveh til að gefast ekki upp, en búast við að átökin geti staðið í einhvern tíma. „Við stöndum með ykkur, ríkið stendur með ykkur, herinn stendur með ykkur. Jafnvel þótt átökin verði langvarandi, þá munum við ekki bregðast ykkur."

gudsteinn@frettabladid.is

### Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær (ISIS)




■ **ISIS***: Samtök herskárra íslamista. Liðsmenn taldir vera 3.000 til 5.000, þar á meðal hundruð útlendinga.

■ **Uppruni:** Stofnuð á fyrstu árum Íraksstríðsins og hétu þá **al-Kaída í Írak.** Þekkt fyrir að birta á netinu myndbönd af aftökum.

■ **2004:** Abu Musab al Zarqawi, leiðtogi samtakanna, sver **Osama bin Laden** hollustueið. Bandarískir hermenn verða Al Zarqawi að bana árið **2006.**

■ **2006-10:** Hernaðarmáttur samtakanna minnkar eftir að bandarískum hermönnum var fjölgað í Írak. Bandarískir og íraskir hermenn drepa eða taka höndum 34 háttsetta forystumenn samtakanna.

■ **2011:** Eftir brotthvarf bandarískra hermanna frá Írak hófu samtökin sprengjuherferð. Bandaríkin leggja fram 10 milljónir dala til höfuðs leiðtoganum **Abu Bakr al Baghdadi.**

■ **2012:** Samtökin standa að rúmlega 560 sprengjuárásum og þeim tókst að frelsa meira en 500 fanga úr **Abu Ghraib**-fangelsinu.

■ **Apríl 2013:** Al Baghdadi segir samtökin hafa sameinast **al Nusra** fylkingunni, sem voru samtök herskárra íslamista í Sýrlandi. Sameinuð samtök heiti ISIS. Forkólfar al Nusra bera þetta þó til baka.

■ **2013-14:** ISIS nær héruðunum Raqqa og Deir al Zawr í Sýrlandi á sitt vald. Andstæðingar þeirra hálshöggnir.

■ **Janúar 2014:** ISIS nær völdum í Fallujah og Ramadi.

■ **Febrúar:** Drepur sendiboða frá **Ayman al-Zawahiri**, leiðtoga al-Kaída.

■ **10. júní:** ISIS nær völdum í Mosul.

■ **11. júní: ISIS nær völdum í Baji, þar sem stærsta olíuhreinsistöð Íraks er. Bardagar geisa í Tikrit.**

*Arabísk skammstöfun samtakanna ISIS stendur fyrir Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær

Heimildir: Al Monitor, Institute for the Study of War   Ljósmynd: AP   © GRAPHIC NEWS

> **Við erum að vinna að undirbúningi og því að fá nýjan liðsafla í hersveitirnar sem sjá um að rýma Nineveh-hérað og hrekja þessa hryðjuverkamenn á brott.**
>
> *Núri al Maliki forseti Íraks*



TABBERT PUCCINI 540 E 2,5 ALDE LEÐUR ÁRGERÐ 2007 REYKLAUST

ÁLFELGUR, HEITT OG KALT VATN, ÍSKÁPUR, LEÐURÁKLÆÐI, RAFMAGNSTENGI 230V (OG STÓR RAFMAGNSKAPALL), TEPPAMOTTUR, SALERNI, STURTA, AUKA VATNSTENGI (BEINTENGING), PLAST GASKÚTUR, ÚTVARP, CD, SJÓNVARPSLOFTNET, TOPPLÚGA, SÓLARSELLA, MARKÍSA, FORTJALD, ALDE HITAKERFI OG MARGT FLEIRA.

UPPLÝSINGAR Í SÍMA 895-0967








20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 12.-18. JÚNÍ.

Í tilefni að HM í knattspyrnu fylgir **fótbolti**
hverju keyptu glasi af nýja ilminum frá Boss, **Boss Unlimited***

*á meðan birgðir endast

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*




**Tilboðin gilda 12. - 15. júní 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**LAMBALÆRI - KJÖTSEL**
BLÁBERJAKRYDDAÐ
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.898,-~~
-27%
# 1.386,-



-30%
**GRÍSAGRILLSNEIÐAR**
STJÖRNUGRÍS
**KÍLÓVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 1.498,-~~
# 1.049,-









**LAY'S SNAKK 4 TEGUNDIR**
175G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 329,-~~
# 299,-



**KELLOGG'S CORNFLAKES**
250 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 279,-~~
# 198,-



**LINDU SMÁBUFF**
200 G
**PAKKAVERÐ**
# 249,-



-50 %
**BLÁBER**
125 G BOX FRÁ SPÁNI
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 578,-~~
# 289,-



-22 %
**FÍKJURÚLLUR**
200 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 179,-~~
# 140,-

Krafist verður sýknudóms:

## Hallbjörn áfrýjar til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Hallbjörn Hjartarson tónlistarmaður hefur ákveðið að áfrýja dómi Héraðsdóms Norðurlands til Hæstaréttar.

Hallbjörn var í héraði dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur drengjum.

Stefán Þórarinn Ólafsson, lögmaður Hallbjarnar, segir að áfrýjunin verði send Hæstarétti á allra næstu dögum. Hann segir að fyrir Hæstarétti verði krafist sýknu en til vara verði krafist vægari refsingar. - jme

Kona á sjötugsaldri bjó við nánast algera einangrun meðan bardagar geisuðu í borginni Homs:

# Innilokuð í íbúð sinni í sjö hundruð daga

**SÝRLAND, AP** Í sjö hundruð daga, nærri tvö heil ár, var 65 ára kona lokuð inni í íbúð sinni í Homs. Hún komst hvergi vegna linnulausra átaka milli stjórnarhersins og uppreisnarmanna.

Zeinat Akhras heitir hún og starfaði sem lyfsali. Hún fékk loksins frelsið í byrjun maí eftir að umsátri stjórnarhersins lauk með sigri á uppreisnarmönnum.

Hún fór afar sjaldan út fyrir hússins dyr, líklega sex sinnum þessa sjö hundruð daga, segir hún.

„Ég kom til baka afar döpur eftir að hafa séð alla eyðilegginguna. Þetta hverfi var alltaf fullt af lífi,“ segir hún.

Þegar á leið segist hún hafa forðast að líta í spegil, af ótta við að hún myndi láta bugast ef hún sæi hvaða áhrif einangrunin hafði haft. Hún var 34 kíló þegar umsátrinu lauk og ber þess enn merki.

Tveir bræður hennar höfðust einnig við í íbúðinni, en þeir hættu sér út til að líta eftir fyrirtækjum sínum og gæta kirkjunnar Mar Elia, sem er í nágrenninu. Prestur kirkjunnar hafði beðið systkinin, sem eru kristinnar trúar, um að gæta eigna kirkjunnar.

Framan af var umsátrið þolanlegt vegna þess að systkinin höfðu safnað matvælum og nauðsynjum. Þau áttu góðar birgðir af hrísgrjónum, baunum, hveiti og eldsneyti. Fáir íbúar borgarinnar, aðrir en þeir uppreisnarmenn sem tóku þátt í átökunum, héldu út til enda. - gb



**ZEINAT AKHRAS ÁSAMT BRÓÐUR SÍNUM AYMAN** Hún er enn ekki nema 38 kíló, þrátt fyrir að hafa bætt á sig fjórum eftir að umsátrinu lauk snemma í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný skýrsla um norrænt samstarf í heilbrigðismálum var kynnt í gær:

# Milljarðar gegn sýklalyfjaþoli

**HEILBRIGÐISMÁL** Sænski stjórnmálamaðurinn Bo Könberg leggur til að Norðurlöndin verji tæpum 130 milljörðum króna á næstu fimm árum til þróunar á nýjum sýklalyfjum.

Þetta kemur fram í skýrslu um norrænt samstarf í heilbrigðismálum sem Könberg skilaði af sér í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær. Í skýrslunni eru fjórtán tillögur sem eiga að vera framkvæmanlegar á fimm til tíu ára tímabili. Brýnasta málefnið varðar baráttuna gegn sýklalyfjaþoli.

Norræna ráðherranefndin á sviði félags- og heilbrigðismála, ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar, fól Könberg að kanna hvernig auka mætti norrænt samstarf um heilbrigðismál.

Tillögurnar fjórtán fjalla um uppáskriftir fyrir sýklalyfjum, mjög sérhæfðar meðferðir, sjaldgæfa sjúkdóma, rannsóknir byggðar á gögnum úr sjúkraskrám, lýðheilsu, misrétti í heilbrigðismálum, hreyfanleika sjúklinga, rafræna heilbrigðisþjónustu og tæknimál, geðlækningar, viðbúnað í heilbrigðismálum, lyf, starfsmannaskipti og sérfræðinga í löndum ESB. - fb



**SKÝRSLAN AFHENT** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra tók við skýrslu Bo Könberg fyrir hönd Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EITT BOX EFTIR** Ítrekað hafa komið upp atvik þar sem lyf klárast eða eru við það að klárast þegar sjúklingar þurfa á þeim að halda.

# Ekkert samræmt kerfi hjá apótekum

Einn lyfjaskammtur var eftir á landinu þegar maður með vöðvasjúkdóm þurfti á lyfjum að halda. Algengt að slík tilfelli komi upp, segir staðgengill landlæknis. Samræmt yfirlit yfir lyfjabirgðir gæti leyst vandamálið.

**HEILBRIGÐISMÁL** Nokkuð algengt er að sjúklingar fái ekki lyf sín í tæka tíð vegna þess að birgðir þeirra eru uppurnar í landinu. Þetta á sérstaklega við um fólk sem þarf að taka lyf sem fáir nota dagsdaglega.

Leifur Bárðarson, staðgengill landlæknis, segir að þetta sé gömul saga og ný. „Ég man ekki eftir einu einasta ári öðruvísi en að þetta komi upp.“

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er ekki til neitt samræmt yfirlit fyrir birgðastöðu lyfja í landinu. Lyfjafyrirtækin uppfæra þó reglulega lista yfir þau lyf sem vantar en þeim er ekki skylt að gera það.

„Það væri mjög gott ef slíkt kerfi væri til,“ segir Leifur. „Það sem er flókið í þessu er að lyfjaframleiðendur nota ekki sama kerfi til að skrá sín lyf. Það er ekki til neitt einsleitt kerfi sem öllum framleiðendum ber að fara eftir. Það er heldur ekki til neitt einsleitt kerfi sem öllum apótekum er skylt að fylgja. Þar ræður framboð og eftirspurn og allt þarf að vera í útboði samkvæmt EES og svo framvegis.“

Leifur segir að samræmt eftirlitskerfi með lyfjabirgðum yrði eflaust dýrt og flókið í framkvæmd. Örar breytingar á lyfjamarkaði geri eftirlit sömuleiðis flókið því það lyf sem þykir lífsnauðsynlegt einn daginn er kannski farið af markaði þann næsta og annað lyf komið í staðinn.

> „Það var eitt apótek sem átti einn skammt eftir, sem var algjör heppni.
> *Gunnar Skúlason*

Gunnar Skúlason greindist með ólæknandi sjúkdóm um tveggja ára aldur sem gerir það að verkum að hann þarf að taka lyf á þriggja tíma fresti. Lyfið er undanþágulyf, vegna lítillar notkunar hérlendis, svo hann þarf að hringja á undan sér og panta lyfið þegar birgðir hans fara að klárast.

„Ég hef tekið sama lyfið í 26 ár og það hefur alltaf verið nóg að láta vita með þriggja daga fyrirvara,“ segir Gunnar. Í apríl var lyfið þó ekki til hjá lyfjabirgja og honum var sagt að rúm vika væri þar til lyfið bærist til landsins.

Ástæðan fyrir lyfjaskortinum var sögð sú að sala lyfsins hefði óvænt farið umfram það sem vanalega tíðkaðist í aprílmánuði. Gunnar átti ekki nægar birgðir fyrir vikuna en var heppinn. „Það var eitt apótek sem átti einn skammt eftir, sem var algjör heppni.“

Ef lyfið hefði verið með öllu ófáanlegt hefði Gunnar orðið mjög þreyttur og dofinn og meðal annars átt erfitt með að halda augunum opnum. Gunnar segist hafa breytt verklagi sínu vegna atviksins og láti nú vita með tveggja vikna fyrirvara ef hann fer að skorta lyf.

snaeros@frettabladid.is





# Allt tilbúið fyrir sumarið?



HURRICANE®

**BENSÍNSLÁTTUVÉL**
HBG 39.100 cc GGP RS 100 Blue OHV mótor. Sláttubreidd 39 cm, 5 hæðarstillingar, eða 28–58 mm.

**48.995,-**

ROUNDUP

**ROUNDUP, 1 L**
Tilbúið til notkunar. Vinnur á bæði blöðum og rótum.

**4.925,-**

TURFLINE®

**GRASFRÆ, 1 KG**
Við eigum margar mismunandi tegundir grasfræja og því geta allir fundið það sem hæfir þeirra garði. Við eigum fræ fyrir sendinn jarðveg, skuggsæla bletti, sólríka bletti, fræ til að sá ofan í gisna bletti, Iseed fyrir grasbletti, Iseed með áburði fyrir skuggsæla bletti og fyrir sáningu ofan í bletti eða Iseed fræ með áburðarhúðun.

**2.690,-**



## BOSCH

**RAFKNÚIÐ SLÁTTUORF**
Art 2600 combitrim. 450 vött, 230 V. Sláttubreidd 23 cm, með sérstökum stillingum til að nota við kanta. Þyngd 2,7 kg.

**15.990,-**



## BOSCH

**SLÁTTUORF MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**
ART 23 Li Accu. Engin sjálfsafhleðsla og ekkert „minni“ – alltaf tilbúin til notkunar, jafnvel á erfiðum svæðum. Hraðhleðsla. 14,4 V litíumrafhlaða, sláttubreidd 23 cm.

**19.990,-**



**SLÁTTUVÉL MEÐ HLEÐSLURAFHLÖÐU**
36 volta Samsung-rafhlaða. Sláttubreidd 38 cm, sláttuhæð 25–75 m, 40 l safnskúffa.

**68.995,-**



Gudenaa

**SLÁTTUVÉL MEÐ SLÁTTUVALSI**
GU 400. Sláttubreidd 40 cm, 4 þrepa sláttuhæð. Þægilegt handfang, 5 hnífar úr sérvöldu stáli.

**28.995,-**

## BOSCH

**ISIO III**
3,6 V litíumrafhlaða. Skurðarlengd 110/80 mm. Margnota vél með grasskera, runnaklippum og vatnsúða. Skipt er um hnífa með því að ýta á einn hnapp, án nokkurra verkfæra.

**19.995,-**



Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 11. júní til og með miðvikudeginum 18. júní 2014. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - www.bauhaus.is

# ÁSTAND HEIMSINS






**1 VÍTISLOGAR Í TÚRKMENISTAN** Í miðri Karakum-eyðimörkinni í Túrkmenistan er þessi gígur, sem iðulega er kallaður „inngangurinn að helvíti“. Kraumað hefur í honum í 40 ár samfleytt, eða allar götur frá því að sovéskir vísindamenn boruðu niður í neðanjarðarhelli fyrir mistök. Af ótta við hættulegar gastegundir sem streymdu úr gígnum ákváðu vísindamennirnir að bera eld að þeim, í von um að gasið myndi þá klárast fljótlega. Sem hefur ekki gerst enn. NORDICPHOTOS/AFP



**2 LEITAÐ Í RUSLI Í ÍRAK** Írösk stúlka leitar að nýtilegum hlutum á ruslahaug í útjaðri borgarinnar Najaf. NORDICPHOTOS/AFP



**3 BELJANDI FOSSAR Í ARGENTÍNU** Vatnsmagnið í Iguazu-fossunum í Argentínu þrítugfaldaðist eftir að stjórnvöld neyddust til að opna tvær stíflur í fljótunum Iguazu og Parana. Fljótin voru farin að flæða yfir bakka sína eftir óvenju mikla úrkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**4 MÓTMÆLI Í SÍLE** Mótmælandi sparkar í lögreglumann í Santiago í Síle, þar sem námsmenn héldu tugþúsundum saman út á götur til að krefjast umbóta í menntamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**5 PÁFI SNERTIR BARN Í RÓM** Á Péturstorginu í Páfagarði kepptist fólk að venju við að rétta börn sín í áttina að Frans páfa, svo hann gæti komið við þau sem snöggvast. Snertingunni á að fylgja gæfa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# 25% afsláttur af völdum fótbolta-mörkum



LÍTIÐ
**4.799**
SPARIÐ 1.700



MEÐALSTÓRT
**7.499**
SPARIÐ 2.500



STÓRT
**10.999**
SPARIÐ 4.000

OUTRA sport
460780-82
MARK
Framleitt úr dufthúðuðu stáli.
130 x 100 x 75 cm. Venjulegt verð 6.499
185 x 160 x 90 cm. Venjulegt verð 9.999
300 x 210 x 105 cm. Venjulegt verð 14.999

## BÝTTAÐU Á HM 2014 FÓTBOLTAKORTUNUM ÞÍNUM Í TOYS"R"US – rétt eins og þú býttar við vini þína




Þar á meðal eru kort í tak-mörkuðu upplagi með: Messi og Balotelli

042665
2014 BYRJENDASETT
Með 4 viðbótarpökkum, þar á meðal 2 í takmörkuðu upplagi, reglum, spilaborði, gátlista og möppu.
Venjulegt verð 2.299

**1.799**
SPARIÐ 500




5 STK.
**1.199**
SPARIÐ 296

042664
2014 VIÐBÓTARPAKKI
Með 6 kortum.
Venjulegt verð 299 hvert




**3.999**

Þar á meðal eru kort í takmörkuðu upplagi með: Neymar og Casillias

042668
2014 ADRENALYN XL TIN
TINKASSI
Með 10 viðbótarpökkum, þar á meðal 2 í takmörkuðu upplagi.

Tilboðin gilda til og með 23.06.2014. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

ToysRus
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!



**BAUNIR** Brúnar baunir eru sagðar sérstaklega hollar.

Vísindamenn í Lundi:

## Lengra líf með baunum og kornbrauði

Með því að neyta kornbrauðs og bauna, einkum brúnna bauna, er hægt að minnka líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum um 10 prósent.

Sænskir fjölmiðlar greina frá því að vísindamenn við Háskólann í Lundi í Svíþjóð hafi fengið 46 konur til þess að neyta bauna og kornbrauðs á ýmsu formi um fjögurra vikna skeið.

Niðurstöður tilraunarinnar sýndu að kólesteról minnkaði og blóðþrýstingur lækkaði.

Önnur rannsókn sýndi að neysla á baunum virkaði gegn ofþyngd og sykursýki. Sextán unglingar fengu baunir í kvöldmat. Áhrifin á blóðsykur og insúlín voru jákvæð aðeins hálfum sólarhring eftir neyslu baunanna.



Trefjar í baununum eru sagðar örva bakteríur í ristli og draga úr hungurtilfinningu auk þess sem hormón sem vinna gegn sykursýki og hjarta- og æðasjúkdómum leysast úr læðingi. - ibs

# Stærðfræðifóbía kennslukvenna bitnar á stelpum

Þegar kennari sem er óöruggur gagnvart stærðfræði er kona kemur það niður á árangri stelpna í stærðfræði, að því er bandarísk rannsókn sýnir. Slæmt þegar fólk með stærðfræðifóbíu er að kenna, segir dósent í HÍ.

Hræðsla kennslukvenna í grunnskólum við stærðfræði kemur sérstaklega niður á árangri stelpna í 1. og 2. bekk í stærðfræði. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem gerð var við sálfræðistofnun Háskólans í Chicago í Bandaríkjunum, sem greint er frá á vefnum forskning.no.



**FREYJA HREINSDÓTTIR**

Rannsóknin leiddi í ljós að ekkert samhengi var á milli frammistöðu nemenda og stærðfræðifóbíu kennara í upphafi skólaárs. En við lok skólaárs kom í ljós að því meiri sem hræðsla kennara við stærðfræði var, þeim mun harðari voru stelpur í þeirri afstöðu sinni að strákar væru góðir í stærðfræði en stelpur góðar í lestri. Stelpurnar sem voru á þessari skoðun voru talsvert lakari í stærðfræði en aðrar stelpur. Þær voru miklu lélegri í stærðfræði en strákarnir. Hinar stelpurnar voru hins vegar jafngóðar strákunum eða næstum því jafngóðar í stærðfræði og þeir.

Freyja Hreinsdóttir, stærðfræðingur og dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, segir það slæmt þegar fólk með stærðfræðifóbíu sé að kenna og yfirfæri hana kannski á nemendur.

Hún segir kennara á sviðinu hafa barist fyrir því að allir kennaranemar læri stærðfræði. „Ein rökin eru þau að við viljum hjálpa fólki að vinna bug á þessari fóbíu. Kennslan verður ekki góð ef það skín í gegn að kennarinn er óöruggur í faginu. Fimm einingar í stærðfræði eru núna skyldunám hjá öllum kennaranemum.“

Freyja tekur það fram að almenn orðræða um að stærðfræði sé erfið og flókin hljóti að hafa neikvæð áhrif. „Það hefur til dæmis farið í taugarnar á mér þegar sungið er í sigurlagi Eurovision-keppninnar hér á landi burtu með fordóma, þetta er engin algebra. Þarna er í raun verið að gefa í skyn að algebra sé mjög flókin. Allt umhverfi og viðhorf foreldra til greinarinnar skiptir máli.“



**Í KENNSLUSTOFU** Stelpur sem voru harðar í þeirri afstöðu sinni að strákar væru góðir í stærðfræði en stelpur góðar í lestri voru talsvert lakari í stærðfræði en aðrar stelpur. NORDICPHOTOS/AFP



**GUÐNÝ HELGA GUNNARSDÓTTIR**

Guðný Helga Gunnarsdóttir, lektor í stærðfræðimenntun, segist verða vör við að sumir kennaranemar finni til vanmáttar gagnvart stærðfræði. „Við finnum vissulega fyrir óöryggi hjá þeim en ég get ekki sagt að við höfum fundið mun á strákum og stelpum í kennaranáminu hvað þetta varðar. Reyndar hafa aðeins örfáir strákar farið í gegnum námið á yngri barna kjörsviðinu, það er kennslu fyrir börn í 1. til 5. bekk.“

Guðný Helga bendir á að skyldunám í stærðfræði í framhaldsskólum hafi verið minnkað verulega. „Nemendur hafa möguleika á að dýpka þekkingu sína þegar þeir hefja kennaranámið. Mér finnst þeir frekar áhugasamir um að styrkja sig. Þeir eiga kost á að taka töluvert af námskeiðum þar sem fjallað er um stærðfræðinám ungra barna. Ég hef verið að kenna á námskeiðum þar sem mest er unnið að því að styrkja nemendur fræðilega. Þeir hafa getað valið slík námskeið frá en flestir taka þau.“

Að sögn Guðnýjar Helgu verða kennaranemar á yngri barna kjörsviðinu að taka 20 einingar um stærðfræðinám og kennslu. Þeir geta valið 20 einingar til viðbótar. Langflestir velja að minnsta kosti 10 einingar. ibs@frettabladid.is








**FRÆIN TILBÚIN** Sáningardagur verður á laugardag milli 11 og 16 þar sem íbúar eru hvattir til að mæta.

Hverfisgarður við hliðina á Fjölskyldugarðinum:

# Íbúum býðst að rækta matjurtir

**GARÐYRKJA** Í sumar verður tímabundinn hverfisgarður settur upp í Laugardal við hliðina á Fjölskyldugarðinum. Hann heitir Laugargarður og þar býðst íbúum að rækta grænmeti. Garðurinn er einnig hugsaður sem almenningsgarður þar sem íbúar geta komið og notið útivistar í hverfinu sínu.

Sáningardagur verður á laugardaginn og eru íbúar hvattir til að mæta og hjálpa til við að setja mold í beð og sá en fræ verða á staðnum fyrir þá sem mæta. Einnig er fólki velkomið að koma með fræ, forsáðar plöntur og eigin ílát.

Það sem aðgreinir garðinn frá öðrum almenningsmatjurtagörðum í borginni er áherslan sem lögð er á sameiginlega ræktun í bland við þá áherslu sem lögð er á félagslega eflingu innan hverfisins.

Garðurinn verður um 500 fermetrar að stærð og þar af verður 200 fermetra ræktunarsvæði. Afrakstur sumarsins verður seldur á bændamarkaði og munu tekjur af honum fara í áframhaldandi starfsemi ásamt ýmsum öðrum uppákomum. MA-nemar og BA-nemar úr Listaháskóla Íslands og Landbúnaðarháskólanum hafa umsjón með garðinum. - fb

# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME



Áldollur frá 2.990,-



Fiðrildi 990,-



Diskamottur 990,-




Bali 3.590,-



Rúmteppi frá 12.990,- 30% afsláttur
nú frá 9.093,-

BLÓMAPOTTUM • 50% AFSLÁTTUR AF
50%





Uglur 1.990,-

## SUMAR OG SÓL Í THE PIER VERIÐ VELKOMIN

## OPNUNARTÍMAR

VIRKA DAGA 11.00–18.30

LAUGARDAGA KL.10.00–18.00
(AKUREYRI KL. 10.00–17.00)

SUNNUDAGA KL.12.00–18.00
(AKUREYRI KL.13.00–17.00)



Hengisrúm 4.990,-

## 50% AFSLÁTTUR Á BLÓMAPOTTUM



Blómapottar
frá 1.490,- nú á 745,-



Hengirúm 6.990,-




Tekassi 1.990,-






Tekassi með 5 hólfum 2.990,-




Tekassi 4.990,-



Kamína 15.990,-



Hengistóll 59.900,-

the PIER

ANTON&BERGUR

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Viðskiptin enn að aukast:

## Spáir hækkun húsnæðisverðs

Hagfræðideild Landsbankans spáir því að húsnæðisverð eigi eftir að hækka um níu prósent á þessu ári. Verðið muni síðan hækka um 7,5 prósent á árinu 2015 og sjö prósent á árinu 2016.

„Verð á fasteignum hefur hækkað mikið að undanförnu og viðskipti eru enn að aukast. Framboð á nýju húsnæði er lítið og því fóðrar meiri eftirspurn verðhækkanir,“ segir í nýjustu Hagsjá hagfræðideildarinnar.

Þar segir einnig að fjármunir sem koma frá öðrum löndum í gegnum fjárfestingarleið Seðlabankans hafi greinilega áhrif á fasteignamarkaðinn. **- hg**

Breytt starfsemi í Hollandi:

## Marel segir upp 50–60 manns

Útflutningsfyrirtækið Marel kynnti á þriðjudag áform um að segja upp 50–60 starfsmönnum í Hollandi.

Uppsagnirnar eru liður í endurskipulagningu á starfsemi Marel í landinu. Starfsemin mun flytjast frá borginni Oss til bæjarins Boxmeer í suðurhluta Hollands.

Um 140 starfsmenn störfuðu hjá Marel í Oss en starfsemin er einkum bundin við kjötiðnað og framleiðslu. Fyrirtækið vinnur nú að drögum að áætlun til að styðja við þá starfsmenn sem aðgerðirnar hafa áhrif á. **- hg**

# Seðlabankinn safnar gjaldeyri í stað þess að lækka stýrivexti

Regluleg gjaldeyriskaup Seðlabankans hefjast að nýju í næstu viku. Bankinn ætlar að kaupa þrjár milljónir evra í hverri viku. Markmiðið ekki að hafa áhrif á gengi krónunnar, sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri.

„Meginatriðið er að Seðlabankinn er að nýta gjaldeyrisinnflæði sumarsins til að styrkja gjaldeyrisforðann. Ákvörðunin gerir það að verkum að krónan verður veikari en ella og þá myndast ekki jafn mikið svigrúm til að hafa stýrivexti lægri vegna þess að það kemur niður á verðbólgunni,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka, um ákvörðun Seðlabankans um að hefja regluleg gjaldeyriskaup á ný.

Seðlabankinn ætlar að kaupa þrjár milljónir evra, rúmar 465 milljónir króna, á gjaldeyrismarkaði í hverri viku út september.

Bankinn hætti reglulegum gjaldeyriskaupum í árslok 2012. Hann hefur þó frá maímánuði 2013 keypt 288 milljónir evra, að jafnvirði 45,1 milljarði króna, í því skyni að draga úr sveiflum á gengi krónunnar. Á þessu ári hefur bankinn keypt rúmar níu milljónir evra á viku að meðaltali, eða þrefalt meira en það sem stefnt er að með reglulegu kaupunum.

„Seðlabankinn er nú að setja gjaldeyriskaupin aftur í fastan farveg en bankinn vill augljóslega ekki sjá krónuna sterkari í bráð. Núna þegar verðbólgumarkmiðið er í höfn finnst mér eðlilegt að bankinn sé að leggja áherslu á að byggja upp gjaldeyrisvarasjóðinn. Hann þarf að vera tiltölulega mikið stærri þegar kemur að afnámi gjaldeyrishafta, ef hann á að nýtast til að verja stöðugleikann á gjaldeyrismarkaði,“ segir Ingólfur.



**Seðlabankinn er nú að setja gjaldeyriskaupin aftur í fastan farveg en bankinn vill augljóslega ekki sjá krónuna sterkari í bráð.**

*Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka*

Már Guðmundsson seðlabankastjóri gerði grein fyrir ákvörðuninni á fundi bankans í gær þar sem ákvörðun peningastefnunefndar um að halda stýrivöxtum óbreyttum var kynnt. Már sagði svo geta farið að bankinn keypti einnig gjaldeyri í óreglulegum kaupum á næstu mánuðum.

„Markmiðið með þessum gjaldeyriskaupum er ekki það í sjálfu sér að hafa áhrif á gengi krónunnar, þó þetta hafi það kannski með einhverjum beinum eða óbeinum hætti. … Við höfum tvö verkefni. Annars vegar að halda verðbólgunni við markmið og hins vegar viljum við yfir tíma safna gjaldeyri til þess að breyta gjaldeyrisforða okkar úr skuld við erlenda aðila yfir í skuld við innlenda aðila,“ sagði Már.



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson kynnti í gær ákvörðun peningastefnunefndar um að halda stýrivöxtum óbreyttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann sagði gjaldeyrisviðskipti Seðlabankans á síðastliðnum tólf mánuðum hafa stuðlað að auknum stöðugleika krónunnar. Már sagði gjaldeyriskaupin ekki koma í stað vaxtahækkana, þegar Hafsteinn Hauksson, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, spurði hvort svo gæti farið.

„Við viljum frekar nota svigrúmið til að safna gjaldeyri heldur en að lækka vexti. Það er líka í ljósi stöðunnar varðandi horfur um að viðskiptaafgangurinn sé að hverfa,“ sagði Már. **haraldur@frettabladid.is**






**SERRANO** Níundi Zócalo-staðurinn verður opnaður í Svíþjóð á næstu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Halda samstarfinu áfram með Nam og í Svíþjóð:

# Emil keypti Einar út úr Serrano á Íslandi

Emil Helgi Lárusson, eigandi og framkvæmdastjóri Serrano, hefur keypt helmingshlut Einars Arnar Einarssonar í fyrirtækinu Serrano Ísland ehf.

Kaupverðið er trúnaðarmál. Emil er nú eini eigandi fyrirtækisins en þeir Einar opnuðu fyrsta veitingastaðinn í Kringlunni árið 2002.

„Þetta er þannig að báðir eru sáttir,“ segir Emil, spurður um kaupverðið.

„Ég er í rauninni einungis að kaupa starfsemi Serrano á Íslandi. Við munum áfram eiga saman veitingastaðina Nam sem eru hérna á Íslandi og Zócalo-veitingastaðina átta í Svíþjóð.“

Einar mun að sögn Emils snúa sér alfarið að rekstri Zócalo í Svíþjóð en áfram sitja í stjórn Serrano Ísland.

Um 33 milljóna króna tap var á rekstri Serrano Ísland árið 2012, samkvæmt ársreikningi fyrirtækisins. Árið 2011 skilaði reksturinn um 40 milljóna hagnaði.

Í fréttatilkynningu um breytingarnar segir að ársvelta fyrirtækisins á síðasta ári hafi verið rúmlega 700 milljónir króna.

„Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að byggja upp Serrano síðustu 12 ár. Frá árinu 2009 hefur Emil verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og séð nær alfarið um veitingastaðina og því taldi ég þetta góðan tímapunkt til að stíga til hliðar. Fyrirtækið gæti ekki verið í betri höndum,“ segir Einar Örn í tilkynningunni. **- hg**






# SKOÐUN

Aðgerða er þörf áður en kjörsókn versnar enn.

## Meira vald, takk




Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is


Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum kom í ljós að verulega hefur dregið úr þátttöku í kosningum hér á landi, sem þó hefur sögulega verið afar góð. Við virðumst því á sömu leið og mörg önnur lönd. Bretar telja sig til að mynda góða ef kjörsókn er á milli 50 til 55 prósent. Í nýafstöðnum kosningum til Evrópuþings var kjörsókn 43 prósent.

Kjörsókn á landsvísu í nýafstöðnum kosningum var um 66 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu sveiflaðist hún milli 60,5 og 69 prósenta og á landinu frá 55 upp í 90 prósent. Sögulega hefur kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum verið milli 82 og 88 prósenta, en hefur verið á niðurleið frá 2006 þegar hún datt fyrst niður fyrir 80 prósentin.

Í öðrum löndum þar sem kjörsókn er orðin enn lakari en hér hefur sums staðar verið rætt um að gera þátttöku í kosningum lögboðna þannig að sektir liggi við því að kjósa ekki. Það getur verið ágætishugmynd. Margvísleg lýðræðisþátttaka getur verið bundin í lög. Til dæmis er ekki án góðra raka hægt að skjóta sér undan kviðdómsskyldu í Bandaríkjunum. Hættan sem slíku fyrirkomulagi fylgir er þó að kjósendur mæti og merki bara við eitthvað, eða ógildi seðil sinn. Skylduþátttaka gæti þó vakið lýðræðisáhuga hjá einhverjum þannig að kannski jafnar það sig út.

Ef til vill er samt vænlegra en að grípa til slíks valdboðs að velta fyrir sér ástæðum þess að dregið hefur úr þátttöku í kosningum og reyna að bregðast við með úrbótum til þess að glæða á ný áhuga fólks á að taka lýðræðislega ábyrgð á samfélagi sínu.

Ljóst er að samspil ólíkra þátta getur orðið til þess að draga úr áhuga fólks á kosningum. Framboð hafa úr mismiklum fjármunum að spila í kosningum og kynningarefni frá þeim því ef til vill ekki nógu mikið til að glæða almennan áhuga.

Í alþingiskosningum hjálpar ekki að atkvæði hafa mismikið vægi eftir því hvar er kosið á landinu. Þá hafa stjórnmálaflokkarnir sjálfir mjög mikið að segja um uppröðun á lista og kjósendur hafa bitlaus verkfæri til að hafa áhrif á það val. Óheyrilegan fjölda útstrikana þarf til dæmis til að færa fólk til á lista.

Svo er náttúrlega fyrirhöfn að mæta á kjörstað, standa í röð, sýna skilríki og merkja við á pappír á bak við tjald. Þegar fram í sækir getur fólk ef til vill kosið rafrænt, en enn sem komið er hefur ekki fundist lausn sem þykir nægilega örugg. Það segir sína sögu að í nýlegri umfjöllun Fréttablaðsins um rafrænar kosningar voru það fulltrúar Pírata, flokksins sem einna mestan áhuga hefur á því að hagnýta upplýsingatækni til að auka lýðræði í landinu, sem sáu mest tormerki á rafrænum kosningum.

Á meðan ekki finnst lausn á því að tryggja öryggi rafrænna kosninga gæti skref í rétta átt verið að auka val og áhrifamátt kjósenda, svona um leið og vægi atkvæða yrði jafnað.

Í kosningunum til stjórnlagaþings kom í ljós að persónukjör er ekki of flókið í framkvæmd. Því ætti til dæmis ekkert að vera því til fyrirstöðu að gefa kjósendum kost á að velja fulltrúa þvert á flokka á kjörseðli, jafnvel þó svo að eitthvert eitt ákveðið framboð fái atkvæðið. Slík leið hlýtur að eiga sérstaklega vel við í sveitarstjórnarkosningum sem oft og tíðum snúast meira um fólk en stjórnmálastefnur flokka. Með slíkri leið yrði vissulega vald fært frá stjórnmálaflokkum til kjósenda, en það er varla slæmt. Sérstaklega ekki ef það yrði til að glæða áhuga fólks á því að kjósa.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með hvor annan á heilanum

Ein lengsta ritdeila í manna minnum hefur staðið á milli háskólaprófessoranna Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Stefáns Ólafssonar. Þeir virðast ekki þreytast á því að skrifa pistla á vefsvæði Eyjunnar og Pressunnar hvor um annan. Fyrir tæpum tveimur árum velti Hannes því upp í pistli hvers vegna Stefán Ólafsson væri með hann á heilanum og tiltók nokkrar mögulegar ástæður. Síðan þá hefur Hannes sjálfur minnst á Stefán Ólafsson í að minnsta kosti fjörutíu pistlum á vefsvæði sínu. Það er líklega oftar en hann hefur skrifað um Margaret Thatcher, Brasilíu og Davíð Oddsson til samans á tímabilinu.

### Verðrýrnun um 75 prósent

Nýr meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna í Reykjavík kynnti samstarfssamning sinn í gær. Dagur B. Eggertsson, verðandi borgarstjóri, hafði sagt Fréttablaðinu frá því að eitt helsta baráttumál Samfylkingarinnar væri að hækka frístundastyrk til barna um 20 þúsund krónur og að það rúmaðist vel innan fjárhagsáætlana borgarinnar. Samstarfssamningurinn segir þó að frístundakortið verði einungis hækkað um 5.000 krónur á árinu 2015. Enginn veit hvert mismunurinn, 15 þúsund krónur, hvarf.





### Enginn ókeypis leikskóli

Aðalbaráttumál Vinstri grænna, gjaldfrjáls leikskóli, virðist heldur ekki hafa komist inn í samstarfsyfirlýsinguna. Leikskólagjöld verða lækkuð um 200 milljónir króna og 100 milljónum verður veitt til skóla- og frístundasviðs. Loforð Vinstri grænna miðaði þó við að 750 milljónum yrði varið á hverju ári kjörtímabilsins til skóla- og frístundasviðs. Hvernig 3.000 milljónir urðu að 300 milljónum er ekki skýrt. Þetta hlýtur eiginlega að vera heimsmet í gjaldfellingu kosningaloforða.

snaeros@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þakkir til Rauða krossins

HÆLISLEITENDUR




**Hanna Birna Kristjánsdóttir**
innanríkisráðherra


Eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda þegar kemur að hælisleitendum er að tryggja fullnægjandi þjónustu við meðferð umsókna þeirra. Í gær náðum við mikilvægum áfanga í þeim efnum þegar innanríkisráðuneytið og Rauði krossinn á Íslandi undirrituðu samning um þjónustu við hælisleitendur.

Helstu áherslur samningsins felast í því að hraða málsmeðferð hælisumsókna, bæta verklag og tryggja sem besta nýtingu á því fjármagni sem er varið í málaflokkinn. Með samningi við Rauða krossinn tekst okkur að tryggja hælisleitendum hlutlausa og óháða réttargæslu þannig að jafnræðis sé gætt og að allir hælisleitendur fái vandaða málsmeðferð.

Rauði krossinn mun einnig meta reglulega aðbúnað hælisleitenda, sinna heimsóknarþjónustu, félagsstarfi og fleira ásamt því að veita stjórnvöldum aðhald í málaflokknum. Þá munu samtökin halda úti alþjóðlegri leitarþjónustu til þess að hafa uppi á týndum ættingjum og endurvekja samband innan fjölskyldna þegar slíkt er mögulegt.

**Styttri málsmeðferðartími**

Eitt helsta úrlausnarefni stjórnvalda í kjölfar mikillar ásóknar eftir alþjóðlegri vernd hér á landi hefur verið tímalengd og dráttur málsmeðferðar. Í breiðri sátt samþykkti Alþingi breytingar á lögum um útlendinga í vor en þær breytingar fela meðal annars í sér að hægt verður að hraða málsmeðferðartíma umtalsvert. Frá og með 25. ágúst næstkomandi er stefnt að því að málsmeðferðartími hælisumsókna hér á landi verði að meðaltali ekki lengri en 90 dagar á hvoru stjórnsýslustigi í stað tveggja til þriggja ára eins og verið hefur síðustu misseri.

Um næstu áramót mun sjálfstæð úrskurðanefnd í útlendingamálum, sem endurskoðar ákvarðanir Útlendingastofnunar, taka til starfa. Nefndina munu skipa okkar helstu sérfræðingar í málefnum flóttamanna og mannréttinda. Með aukinni sérfræðiþekkingu innan málaflokksins, bæði hjá Rauða krossinum og stjórnvöldum, verða verkferlar skýrari og hægt verður að afgreiða mál með skjótari og skilvirkari hætti án þess að það komi niður á gæðum málanna.

Það er ástæða til að fagna þessum mikla áfanga sem nú hefur náðst í málefnum hælisleitenda hér á landi. Um leið og ég þakka Rauða krossinum fyrir að koma að þessu mikilvæga verkefni býð ég hann velkominn til mikilvægs samstarfs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ungt fólk til vinnu

ATVINNA
**Helgi Hjörvar**
alþingismaður (Samfylkingin), Íslandi
**Gunvor Eldegard**
þingmaður (Verkamannaflokkurinn), Noregi
**Ruth Grung**
þingmaður (Verkamannaflokkurinn), Noregi
**Tarja Filatov**
þingmaður (Jafnaðarmannaflokkurinn), Finnlandi
**Billy Gustafsson**
þingmaður (Jafnaðarmannaflokkurinn), Svíþjóð
**Anders Karlsson**
þingmaður (Jafnaðarmannaflokkurinn), Svíþjóð
**Jakob Esmann**
forseti Norðurlandaráðs æskunnar, Danmörku

Eitt mikilvægasta verkefni norrænu velferðarsamfélaganna er að takast á við atvinnuleysi ungs fólks. Ungt fólk sem ekki nær fótfestu á vinnumarkaði á enda á hættu að lenda utangarðs í samfélaginu allt sitt líf. Fyrir utan þann persónulega harmleik sem slíkt hefur í för með sér fer samfélagið jafnframt á mis við mikil verðmæti sem mannauður þessa unga fólks er. En á okkar fjölhæfu og vel menntuðu einstaklingum byggist eitt helsta samkeppnisforskot Norðurlandanna á vinnumarkaði.

Til að takast á við atvinnuleysi ungs fólks þurfum við bæði efnahags- og atvinnustefnu sem gerir ráð fyrir fullri atvinnuþátttöku og sértækar aðgerðir til að tryggja ungu fólki atvinnu. Norðurlöndin geta mikið lært hvert af öðru þegar kemur að atvinnuleysi ungs fólks og sem betur fer er mikið norrænt samstarf á þessum sviðum. Norræni hugmyndabankinn um brottfall úr framhaldsnámi er gott dæmi þar um.

### Menntun, menntun, menntun

Menntun borgar sig. Því meiri menntun sem maður hefur, þeim mun minni eru líkurnar á að lenda í atvinnuleysi. Þess vegna er það menntakerfið sem mestu máli skiptir. Allt ungt fólk á að hafa möguleika á að mennta sig í samræmi við kröfur dagsins og þar er mikilvægt að tengingin við atvinnulífið sé sterk. Fæstir koma einnig til með að starfa á sama sviði allt sitt líf og því er mikilvægt að allir fái breiða menntun og þar með sterkan grunn til að standa á. Þá getur maður auðveldar bætt síðar við eða breytt um stefnu.

Grunnskólamenntun dugar fæstum á vinnumarkaði í dag. Þó eru margir undir 25 ára aldri sem hvorki stunda nám né hafa lokið framhaldsmenntun. Fjöldinn er nokkuð breytilegur milli Norðurlandanna enda menntakerfin og aðstæður á vinnumarkaði mismunandi. Við getum ýmislegt lært af norska og danska menntakerfinu sem gerir leiðina frá námi til vinnu auðveldari en hjá öðrum og í Svíþjóð gefur öflugt endurmenntunarkerfi þeim sem flosna upp í námi mikilvægt annað tækifæri.

Í Finnlandi hafa jafnaðarmenn nú fengið samþykkt að skólaskyldan verður lengd um eitt ár. Þetta þýðir að framvegis munu allir í Finnlandi hefja einhvers konar framhaldsnám að grunnskóla loknum. Þetta mun auðvitað ekki koma í veg fyrir allt brottfall úr námi, en ætti að minnka það umtalsvert.

### Innan 90 daga

Margháttaðar aðgerðir ríkisstjórnar jafnaðarmanna á Íslandi til að koma í veg fyrir atvinnuleysi ungs fólks í kjölfar kreppunnar skiluðu góðum árangri, ekki síst tilboð um framhaldsnám og tímabundin störf. Sænskir jafnaðarmenn ganga til kosninga í haust með fyrirheit til ungs fólks um „90 daga tryggingu“. Í Finnlandi komu jafnaðarmenn á svipaðri ungmennatryggingu sem frá árinu 2013 hefur tryggt að allir undir 25 ára aldri eða allir nýútskrifaðir undir 30 ára aldri sem ekki fá vinnu, fái tilboð um starf, starfsnám eða menntunarúrræði innan þriggja mánaða.

Ólík form af ungmennatryggingum hafa staðið til boða á Norðurlöndunum í gegnum tíðina, en hingað til hafa þau aðallega beinst að mjög ungu fólki eða þeim sem hafa verið lengi án atvinnu. Við eigum hins vegar ekki að bíða, heldur hjálpa öllum ungmennum sem ekki fá vinnu sem fyrst. Ungmennatryggingar krefjast vissulega fjármagns og þátttöku og nýrrar hugsunar hjá mörgum ólíkum aðilum, en þær eru vafalaust þess virði. Samhliða verðum við síðan að skapa ný góð störf.

En það er ekki alltaf nóg að bjóða störf eða námsúrræði. Talsverður fjöldi ungs fólks getur ekki nýtt sér nám eða tekið virkan þátt á vinnumarkaði vegna veikinda eða tímabundinna áskorana. Þessum hópi þurfum við að mæta með einstaklingsbundnum stuðningi eins og þurfa þykir.

### Norrænn vinnumarkaður mikilvægur

Norðurlöndin fagna nú 60 ára sameiginlegum vinnumarkaði. Hann hefur skilað okkur miklum árangri og framförum og hundruð þúsunda Norðurlandabúa hafa nýtt sér möguleikann á að flytja sig á milli landa til lengri og skemmri tíma þar sem atvinnutækifærin bjóðast. Enn í dag virkar norræni vinnumarkaðurinn eins og slíkur ventill milli landanna, eins og t.d. má sjá af fjölda sænskra ungmenna sem í dag sækja vinnu til Noregs.

> Við getum ýmislegt lært af norska og danska menntakerfinu sem gerir leiðina frá námi til vinnu auðveldari en hjá öðrum...

Norrænir jafnaðarmenn vilja standa vörð um samnorrænan vinnumarkað og við viljum sjá til þess að ungt fólk geti nýtt sér þá möguleika sem þar finnast til fullnustu. Þess vegna leggja norrænir jafnaðarmenn einnig áherslu á að fjarlægja landamærahindranir, auka norrænan tungumálaskilning og styðja áfram verkefni eins og Nordjobb.




www.sminor.is

**Í könnun Neytendablaðsins, 1. tbl. 60. árg. mars 2014, fékk Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK bestu einkunn.**

Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og kom Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær toppeinkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: **zeolite**-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd&Rön HÆSTA EINKUNN April 2013

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is





# Af silfurreyni og hótelfaraldri í 101 eða reitur 1.7.2.2.

SKIPULAG



**Egill Ólafsson**
íbúi á Grettisgötu

Enginn er sár, hvað þá gramur, nei, það er helst að maður fyllist sorg – sorg yfir því að horfa upp á enn einn faraldurinn ríða húsum skefjalaust í okkar krumpaða og um margt vanþróaða samfélagi. Nú heitir faraldurinn; Hótel má vera í öðru hverju húsi í 101.

Borgarkerfið tekur þátt í að bera smitið út með því að horfa aðeins til stundargræðgissjónarmiða. Kerfið stundar blekkingarleiki í kynningu á fyrirhuguðum breytingum á reitnum Grettisgötu 17 auk lóðanna fyrir norðan reitinn. Þar sem t.d. reiturinn er ekki nefndur með nafni heldur 1.7.2.2. og er að auki auglýstur í Fréttablaðinu 23.12.13, já, á Þorláksmessu.

Þannig er engu líkara en stjórnvöld gangi til liðs við gíruga fjárfesta sem krefjast ávöxtunar með ljóshraða og hafa gjarnan enga tilfinningu fyrir umhverfi, væntanlegu raski, lífi, framtíð eða sögu borgarhlutans. Hótellóðarreitirnir eru gjarnan fylltir með of miklu byggingarmagni og oftar en ekki fylgja smekklausar lausnir (eins og dæmin sanna).

Ef framkvæmdir vegna Grettisgötu 17 ganga eftir mun fylgja því heilmikið rask, jafnvel rask sem skaðað getur nærliggjandi hús, fyrir utan aðrar afleiðingar. Nú er svo komið að í Grettisgötu einni eru 12 gistihús og enn fjölgar þeim. Afleiðingin af þessu er augljós; göturnar fyllast af rútum og bílaleigubílum sem þjónusta ferðamenn. Skröltandi ferðatöskur liðlangan sólarhringinn setja mark sitt á hljóðheiminn og ekki síður hið sýnilega.

**Eftirlátssemi og stjórnleysi**

Nú á að farga gömlum og fallegum silfurreyni – óbeint er vegið að tilvist íbúanna sem fyrir eru í 101 – það er verið að takmarka lífsgæði þeirra og það sem meira er, það er verið að lækka verðgildi og gæði húsa þeirra, hver vill þegar upp er staðið búa í þyrpingu hótela – hér á að byggja ofan í jörðina og láta gamalt hús þjóna sem fortjald með því að flytja það að götu, en reisa stærri byggingar innar í lóðinni að húsum við Laugaveg.

Verstur verður fylgikvillinn sem er að þjónustan við íbúana fer þverrandi – þegar ber á þessu og ef fram heldur sem horfir þá er stutt í að íbúarnir flytji í burtu.

Hvað stendur þá eftir, þegar 101 verður orðinn að samfelldri byggð gistihúsa þar sem ferðamenn gapa hver upp í annan.

Skynsemi segir að þetta beri að takmarka – það sé ráðlegt að búa til regluverk um hvers konar hótel eigi að vera í 101 og hvað þau megi vera þétt. Þessi eftirlátssemi og stjórnleysi Reykjavíkurborgar leiðir til þess að allir tapa – íbúarnir flytjast úr hverfunum og einsleitnin verður allsráðandi í stóru og smáu – getur verið að einhver sækist í þannig umhverfi? – Nei, ekki ég og heldur ekki sá sem vill kynnast landi og þjóð á sínum ferðalögum.

Gerum Grettisgötu 17 að aðlaðandi reit – litlu torgi þar sem við öll, því öll erum við ferðamenn í gegnum þetta skarða líf – já, þar sem við öll eigum griðland undir öldruðum SILFURREYNI, sem enn á eftir 150 ár.

# Setjum Framsókn í skammarkrókinn

STJÓRNMÁL



**Freyr Þórarinsson**
sjálfstætt starfandi

Í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum gerðust þau ömurlegu tíðindi að framboð Framsóknarflokksins í Reykjavík sigldi undir merkjum trúarfordóma og andúðar á aðfluttu fólki og fékk aukið fylgi út á það. Þetta kemur ekki alveg á óvart því í mörgum nágrannalöndum okkar hefur viðlíka áróður skilað árangri, ekki síst á tímum þrenginga og upplausnar. Hér á Íslandi hafa nokkur smáframboð reynt þetta á undanförnum árum en ekki haft mikið upp úr krafsinu, þar til nú að Framsóknarflokknum tókst að safna til sín þeim sálum sem þessi andstyggðarmálflutningur höfðar til.

Evrópumenn hafa langa og sára reynslu af svona hatursáróðri og hvert hann getur leitt. Þess vegna hefur víða verið góð samstaða milli allra sómakærra stjórnmálaafla um það að starfa ekki með þeim flokkum, sem leita fylgis í þessum skuggalegu afkimum þjóðarsálarinnar. Hér á landi hafa menn ekki staðið frammi fyrir slíku fyrr en nú, að nýkjörnir borgarfulltrúar þurfa að íhuga hvernig þeir eiga að bregðast við þessum ógæfukrákum.

Sem betur fer kom það fram í aðdraganda kosninganna að aðstandendum allra hinna listanna leist afar illa á þennan málflutning Framsóknarflokksins. Þeir þurfa nú að gera upp við sig hvort þessi nýi Framsóknarflokkur er gjaldgengur í samstarfi eða hvort taka eigi hann sömu tökum og gjarnan er gert með svipaða flokka: Hafna skilyrðislaust öllu samstarfi við þá.

**➜ Evrópumenn hafa langa og sára reynslu af svona hatursáróðri og hvert hann getur leitt.**

**Eina leiðin**

Eftir kosningar hefur vel meinandi fólk reynt að skamma Framsóknarflokkinn fyrir að gerast málsvari þeirra mannfjandsamlegu skoðana sem þeir gerðu að sínum á lokasprettinum fyrir kosningar. Svör Framsóknar hafa hins vegar verið öll á einn veg: Það var ekkert athugavert við okkar málflutning, við meintum ekki það sem við sögðum en endurtökum það samt, þið eruð bara að níðast á okkur!

Þess er því varla að vænta að borgarfulltrúar Framsóknar dragi nokkuð í land með sinn ógeðfellda málflutning og frekar er hætta á að þeir eigi eftir að færast í aukana. Á þeim forsendum vil ég skora á nýkjörna borgarfulltrúa að bindast samtökum um að sniðganga Framsóknarflokkinn í borgarstjórn eftir megni. Á sjálfstæðismenn skora ég að mynda ekki bandalag með Framsókn þegar kosið er í ráð og nefndir og á nýjan meirihluta skora ég að gera hlut sjálfstæðismanna ekki verri í nefndum og ráðum en hann hefði orðið með samstarfi með Framsókn.

Setjum Framsókn í skammarkrókinn! Það er eina leiðin til að sýna í verki að fylgi sem fæst með því að blása í glæður trúarfordóma og útlendingahaturs er einskis virði í íslenskum stjórnmálum.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Fjalla
Fjalla ferskt kryddað lambalæri
1298
KR.KG
FJALLA ferskt
Kryddað lambalæri
3598
krónur kg.
Kaupfélag Skagfirðinga Frosið lambafillet
2013
SLÁTRAÐ
1198
krónur kg.
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
BÓNUS
Grillkjöt
Bónus BBQ grísakótilettur
1198
kr. kg.
Bónus BBQ gríll grísakótilettur
FLATKÖKUR
BÓNUS
5 stk.
98
kr 5 stk.
BÓNUS
459
kr. 170g
BÓNUS
Grísakótilettur
1398
kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
ACTILIFT
ARIEL
1698
kr. 38 þvottar
HEINZ
TOMATO KETCHUP
159
kr 570g
BÓNUS
KORNBRAUÐ
129
kr 500g
Bónus Kornbrauð 500g
17.JÚNÍ
Fáni á priki
98 KR.
17.JÚNÍ
Candyfloss
98 KR.STK
17.JÚNÍ
Stór snuð 198 KR.STK
Egils
APPELSÍN
259
kr. 2 ltr.
5stk.
BÓNUS
149
kr 5 stk.
X-Large
HAMBORGARA BRAUÐ
159
kr 4 stk.
1598
kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir Nautagripa-hamborgarar 10x120g
NAUTA Veisla
2 x 140g
Nautahamborgari
Upprunaland Spánn
100% KJÖT
439
kr. boxið
Nautaveislu Nautahamborgarar 2 x 140g
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
Coca-Cola
79
kr. 330ml
Mountain Dew
Egils APPELSÍN
mix
MAX
pepsi
7UP
75
kr. 330ml
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJARGMUNDUR SIGURJÓNSSON**

lést á Landspítalanum þann 8. júní. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 16. júní kl. 13.00.

**Fanney Arnbjörnsdóttir og fjölskylda.**

✝



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi okkar og langafi,

**BALDUR EIRÍKUR JENSSON**
**múrari,**

lést fimmtudaginn 5. júní á Dvalarheimilinu Grund. Útför fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. júní kl. 13.00. Sérstakar þakkir eru sendar til starfsfólks Grundar fyrir vinarhug og góða umönnun. Aðstandendur þakka sýnda samúð.

**Eyjólfur Baldursson** | **Þórdís Sigurgeirsdóttir**
**Hólmfríður Rós Eyjólfsdóttir**
**Erla Eir Eyjólfsdóttir** | **Michael Sheehan**
**Baldur Kári Eyjólfsson** | **Hildur María Haarde**

✝



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**HÓLMFRÍÐUR ELLERTSDÓTTIR**
**Austurbyggð 17, Akureyri,**

er látin. Útför hennar fer fram 16. júní kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Hlíð Akureyri.

**Ellert Kárason** | **Helga Gunnarsdóttir**
**Hildur Káradóttir** | **Þórarinn Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Fannborg 8, áður Vallartröð 6, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 4. júní. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 13.00.

**Jón Óskar Guðmundsson**
**Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir** | **Edward V. Kiernan**
**Sigríður Jónsdóttir** | **Halldór G. Sigurþórsson**
**Jón Óskar Jónsson** | **Jóhanna M. Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEINGRÍMUR INGIMUNDARSON**
**Grýtu á Djúpavogi,**

lést þann 5. júní á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands á Höfn. Útför hans verður frá Djúpavogskirkju laugardaginn 14. júní kl. 14.00.

**Ingimundur Steingrímsson** | **Arnheiður Kristinsdóttir**
**Óskar Steingrímsson** | **Sólrún Sverrisdóttir**
**Hafsteinn Steingrímsson** | **Kristbjörg Eiríksdóttir**
**Ragnhildur Steingrímsdóttir** | **Vilberg M. Ármannsson**
**Drífa Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ERNU GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Jökulgrunni 26, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til Guðrúnar Hjörleifsdóttur og starfsfólks deildar A4 á Hrafnistu í Reykjavík fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Gísli Kristjánsson**
**Guðrún Gísladóttir** | **Halldór Þórðarson**
**Kristján Gíslason** | **Ásdís Rósa Baldursdóttir**
**Guðmundur Torfi Gíslason** | **Ragnheiður K. Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 12. JÚNÍ 1994

## Nicole Simpson og Ronald Goldman myrt



Á þessum degi árið 1994 fundust Nicole Brown Simpson og Ronald Goldman látin á heimili sínu í Los Angeles í Kaliforníu en þau höfðu verið myrt.

Ruðningsstjarnan, leikarinn og fyrrverandi eiginmaður Nicole, O.J. Simpson, var ákærður fyrir morðin. Hann gaf sig ekki fram við lögreglu sem endaði með eltingarleik lögreglu við O.J. sem var sýndur beint í amerísku sjónvarpi. Eltingarleikurinn og réttarhaldið gegn honum eru meðal stærstu sjónvarpsviðburða í amerískri sjónvarpssögu. Sýnt var beint frá réttarhöldunum sem voru jafnan nefnd Réttarhöld sögunnar. Sýknuúrskurður vakti hörð viðbrögð og þótti auka kynþáttafordóma.

Árið 1997 var O.J. dæmdur ábyrgur fyrir morðunum í einkamáli sem faðir Ronalds höfðaði gegn honum. Hann komst að mestu hjá því að greiða 33 milljóna dollara skaðabætur til fjölskyldunnar vegna verndar á eftirlaunagreiðslum. Hann hélt því fyrri lífsstíl með greiðslum úr eftirlaunasjóði ruðningsmanna og flutti til Miami í Flórída, þar sem ekki er löglegt að taka heimili manneskju upp í greiðslu skuldar. Goldman-fjölskyldan fékk þó andvirði Heisman-verðlaunanna, sem O.J. hlaut árið 1968, og þóknun sem Simpson fékk fyrir að birtast í tölvuleik.

O.J. skrifaði bókina „Ef ég gerði það“ árið 2006. Útgefandinn hætti við útgáfu hennar eftir mótmæli almennings. Gjaldþrotadómstóll framseldi síðan útgáfuréttinn til Goldman-fjölskyldunnar sem gaf bókinni heitið „Ef ég gerði það: Játning morðingjans“ og kom hún út árið 2007.

- lkg




**MEIRI SÖNGUR** Kórinn hefur undanfarið lagt meiri áherslu á góðan söng.

# Höfða til kvenþjóðarinnar

**Bartónar kallast karlakór Kaffibarsins en þeir halda sína fyrstu sumartónleika í kvöld ásamt fleiri tónlistarmönnum og rennur allur ágóði beint til Stígamóta.**

„Það er alveg bullandi húmor í okkur, þetta verður mjög lifandi,“ segir Jón Svavar, stjórnandi Bartóna, karlakórs Kaffibarsins, en kórinn heldur sína fyrstu sumartónleika í kvöld í Tjarnarbíói. „Við erum að bjóða vinum okkar sem við höfum sungið inn á plötur með að syngja með okkur,“ segir Jón Svavar en meðal þeirra tónlistarmanna sem koma fram í kvöld eru Emmsjé Gauti, Original Melody og Mike Lindsay en Bartónar hafa áður sungið bakraddir í lögum þeirra listamanna. „Við höfum verið að leggja meiri áherslu á sönginn í vetur,“ segir kórstjórnandinn.

„Fyrst vorum við bara að gera þetta á kúlinu, sem okkur fannst flottast þá en svo þroskast allir og kórinn hefur þroskast sem slíkur,“ segir Jón Svavar og bætir því við að kórmeðlimir séu orðnir mun betri söngvarar en þeir voru áður. „Við höldum samt öllu hinu, sviðsframkomu og okkar gleði.“

Bartónar skera sig út frá öðrum hefðbundnum kórum á margan hátt en kórinn hefur meðal annars skapað sér siðareglur sem haldið er til haga. „Við syngjum ekkert bull, við syngjum föðurlandslög og vísur sem höfða til kvenþjóðarinnar,“ segi Jón Svavar. „Við reynum að sneiða fram hjá trúarbrögðum og pólitík þótt það detti inn einstaka lög af því tagi,“ segir stjórnandinn en strákarnir syngja langmest íslenska karlakórstónlist undirleikslaust. „Við stólum bara á það að við skilum röddunum okkar nógu vel frá okkur.“

> **Fyrst vorum við bara að gera þetta á kúlinu, sem okkur fannst flottast þá en svo þroskast allir og kórinn hefur þroskast sem slíkur.**

Allur ágóði af tónleikunum rennur beint til Stígamóta, samtaka gegn kynferðisofbeldi, en félögum kórsins er mjög annt um þeirra starf. „Þetta er eitthvað sem maður vill gefa gaum og taka þátt í að styðja við,“ segir Jón. „Ef maður getur gert eitthvað í þágu samfélagsins þá er um að gera að gera það, þetta er spurning um málstað og að taka þátt í kærleikanum í samfélaginu.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 í Tjarnarbíói og kostar 1.500 krónur inn.

baldvin@frettabladid.is

✝



**PAUL FRIÐRIK HÓLM**

lést þann 8. júní síðastliðinn. Hann verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju þann 14. júní klukkan 14. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á björgunarsveitina Tinda í Hnífsdal, kt. 500480-0339, bnr. 154-26-4350.

**Eiginkona, börn, tengdabörn og barnabörn.**

✝



Elskuleg móðir okkar,

**HALLDÓRA G. EINARSDÓTTIR**
**Fífuseli 36,**
**áður til heimilis að Efstasundi 6,**

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**börn hinnar látnu.**



## BJÖRGVIN Í BÆJARBÍÓI Í HAFNARFIRÐI

**Björgvin Halldórsson verður með sína fyrstu tónleika í Hafnarfirði annað kvöld kl. 20. Björgvin og hljómsveit fara yfir ferilinn og slá á létta strengi á opnunarhátíð Bæjarbíós sem nú verður tónleikastaður. Hljómsveitina skipa Þórir Úlfarsson, Jón Elvar Hafsteinsson, Jóhann Hjörleifsson og Friðrik Sturluson.**


TÆKIFÆRISGJAFIR
f. 12 m. með fylgihl.
Margar gerðir
TILBOÐ
Mikið af flottum tilboðum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




**ÖFLUG VÖRN**
Eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum. Gott við bólgum, verkjum og þunglyndi. Túrmerikhylkin frá Natures Aid innihalda mjög hátt hlutfall af kúrkúmíni og því þarf aðeins að taka eitt hylki á dag.


Buxnadagar
20% afsláttur
af öllum buxum!
Stærðir 36-52
Tilboðsverð frá 7.980
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16


# UNDRAEFNIÐ TÚRMERIK FRÁ NATURES AID

**GENGUR VEL KYNNIR** *Túrmerik er frábært andoxunarefni sem hefur virkað sérstaklega vel við bólgum og hefur góð áhrif á minnið, blóðrás, blóðsykursójafnvægi og þunglyndi.*

Flest þekkjum við túrmerik sem heiðgula kryddið sem er eitt af undirstöðuefnunum í karrí ásamt því að vera mikið notað sem matarlitur. Túrmerik (Curcuma longa) á sér djúpar rætur í indverskum lækningafræðum þar sem það hefur verið notað til þess að lækna meltingarvandamál og hreinsa blóðið og við húðvandamálum, morgunógleði og lifrarvandamálum í meira en tvö þúsund ár. Virka efnið í túrmerik er kúrkúmín.

**BÓLGUEYÐANDI**
Túrmerik getur minnkað bólgur með því að draga úr histamínmagni í líkamanum og með því að auka, á náttúrulegan hátt, magn kortisóns í líkamanum. Rannsóknir hafa sýnt að túrmerik geti jafnast á við hýdrókortisón þegar kemur að því að minnka verki og stífleika sem tengdir eru liðagigt. Kúrkúmín temprar blóðsykursójafnvægi sem hamlar myndun á hættulegum efnum sem mynda bólgur í líkamanum.

**ANDOXUN, MINNI OG BLÓÐRÁS**
Túrmerik er eitt öflugasta andoxunarefnið á markaðnum. Það getur einnig aukið blóðflæði og þanþol æða og komið jafnvægi á blóðþrýsting. Að auki getur það bætt hjarta- og æðakerfið og komið í veg fyrir skemmdir á innri líffærum, svo sem heila.

**DEPURÐ OG ÞUNGLYNDI**
Samkvæmt GreenMedInfo.com getur túrmerik hjálpað þeim sem þjást af depurð og þunglyndi en rannsóknir hafa sýnt að það virkar að minnsta kosti jafn vel og mörg geðlyf.

**Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI**
Öll framleiðsla Natures Aid er GMP-vottuð (good manufacturing process) og telst því í hæsta gæðaflokki. Styrkleiki kúrkúmíns í hylkjum er mjög mismunandi eftir framleiðendum en túrmerikhylkin frá Natures Aid innihalda mjög hátt hlutfall af kúrkúmíni og því þarf aðeins að taka eitt hylki á dag.

**HVAR FÆST ÞAÐ?**
Útsölustaðir: Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Krónan, Hagkaup, Þín verslun og flest apótek. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU



GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ
Loksins alvöru svefnsófar
INNOVATION
18 cm pokagormakerfi
Komdu og prófaðu!
Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900
Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900
Svefnsófi Supramax Deluxe
Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
249.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum
KORTER.IS

Flott föt fyrir flottar konur
stærðir 38-58



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# SAUMAR Í STOFUNNI

**BÖRN** *Brynja Dögg Gunnarsdóttir fór ung að sauma föt á dúkkurnar sínar. Áhugamálið vatt upp á sig og nú saumar hún barnaföt undir heitinu Agú.*

Amma mín var kjólameistari, mamma saumaði mikið og tengdamamma heitin líka. Ég hef alltaf verið í kringum saumaskap og fór ung að sauma fötin á dúkkurnar mínar. Saumaskapur er mitt áhugamál,“ segir Brynja Dögg Gunnarsdóttir. Áhugamál Brynju vatt þó upp á sig og nú saumar hún barnaföt, undir heitinu Agú, í stofunni heima hjá sér.

„Ég fór að sauma á dóttur mína fyrir rúmu ári, í fæðingarorlofinu. Svo fóru vinkonurnar að panta hjá mér og þannig óx Agú hratt. Eftir að stelpan mín fór á leikskóla hef ég meiri tíma og nýti líka kvöldin vel til að klára pantanir. Ég skipti stofunni hjá mér bara upp og bjó til pláss þar sem ég er með fleiri en eina saumavél uppi, til að þurfa ekki alltaf að vera að skipta um þráð. Svo sit ég bara við,“ segir Brynja. „Ég hef varla undan.“

Brynja teiknar upp sniðin sjálf en fer eftir stöðluðum stærðum. Hún flytur sjálf inn efnin þar sem erfitt er að finna það sem hentar hér á landi. Flíkurnar hennar eru komnar í sölu í versluninni Fiðrildinu í Faxafeni og einnig heldur Brynja úti vefverslun á www.agu.is. Hún segist einnig frá margar pantanir gegnum Facebook-síðu Agú og hefur nóg að gera.

„Ég hef til að byrja með saumað á yngstu börnin en er farin að bæta við stærðum, allt upp í tíu ára. Ég fæ pantanir á eldri krakka og jafnvel á fullorðna líka en ég anna því ekki enn. Þegar dóttir mín verður eldri langar mig í skóla og að læra eitthvað þessu tengt og draumurinn er auðvitað að geta opnað litla verslun með vinnustofu á bak við. Það má alltaf láta sig dreyma.“



**FÓR UNG AÐ SAUMA** Brynja Dögg Gunnarsdóttir ólst upp við saumaskap og saumar nú barnaföt undir heitinu Agú. MYND/GVA



**AGÚ** Flíkurnar fást í versluninni Fiðrildinu í Faxafeni á og www.agu.is. MYND/AGÚ



**SUMARLEGT** Fylgjast má með Agú á www.agu.is og á Facebook.

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG KÆLI
CREAM
GEL

Ég er kælandi fótagel sem dregur í sig þreytu dagsins. Undragel fyrir þreytta og bólgna fætur. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og myntu og Eucalyptus.



www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup



# FLOTTAR SUMARBUXUR

Sumarbuxurnar þetta árið eiga að vera þægilegar. Þær eru þunnar, skrautlegar, víðar um rass og mjaðmir en þröngar niður. Blómamynstur er vinsælt, en einnig dýramynstur og rendur. Það er í raun alveg sama hvernig mynstrið er því buxurnar eru fáanlegar í fjölbreyttu úrvali. Sumar minna meira að segja á þægilegar náttbuxur. Hægt er að fá buxurnar sparilegar en þær passa einstaklega vel við fallega, hvíta skyrtu. Hér fyrir ofan má sjá nokkrar flottar sumarbuxur.

ReAct
Liverpool lagerhreinsun!
30-90% afsláttur
af öllum Liverpool vörum!

LFC Treyjur frá aðeins 1.990 - 5.990 kr.
LFC Stuttbuxur á aðeins 2.990 kr.
LFC Sokkar á aðeins 990 kr.
LFC Barnasett frá aðeins 2.990 – 4.990 kr.
LFC Jakkar og Úlpur á aðeins 5.990 kr.

ReAct / Bæjarlind 4 / Kópavogi / S: 571 9210 / www.react.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# RISA LAGERSALA

## Meiri afsláttur!




## Nú 60% afsláttur af öllum fatnaði og skóm!

Ótrúlegt úrval af vönduðum fatnaði
frá Þýskalandi og Danmörku í stærðum 34-52

Fatnaður úr verslununum

TUZZI KRINGLUNNI og hjá Hrafnhildi

Erum í kjallaranum undir versluninni, gengið inn baka til. Hlökkum til að sjá ykkur!

**hjá Hrafnhildi**

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

Vertu vinur okkar á Facebook






**ÓHEFÐBUNDIN** Drífu Líftóru finnst flott að klæðast mörgum lögum af fötum. Hún fílar tísku sem er svolítið út úr kassanum. MYND/VILHELM

# INNBLÁSTUR ÚR VÍSINDAKVIKMYNDUM

***FATAHÖNNUN** Drífa Líftóra ákvað að verða fatahönnuður þegar hún var í 8. bekk. Hún útskrifaðist sem slíkur um helgina en útskriftarlínan hennar var innblásin af vísindakvikmyndum. Drífa starfar við Skapandi sumarstörf.*

Drífa Líftóra Thoroddsen útskrifaðist úr fatahönnun frá Listaháskóla Íslands um nýliðna helgi. Innblásturinn fyrir útskriftarlínu hennar er sóttur í vísindakvikmyndir. „Í BA-ritgerðinni minni var ég mikið að fjalla um búninga í vísindakvikmyndum og hvort að búningahönnun í þess konar myndum væri stöðnuð. Ég var að skila ritgerðinni þegar ég var að byrja að vinna í útskriftarlínunni og mig langaði að tengja það efni inn í línuna mína. Það er eiginlega hægt að flokka vísindakvikmyndir í tvo flokka, annars vegar myndir sem gerast á jörðinni og litið er til baka úr framtíðinni og hins vegar myndir þar sem litið er til framtíðar. Í því síðarnefnda eru búningarnir svolítið sterílir og þröngir og mikið um silfur. Í hinni týpunni eru búningarnir víðari og meira flæðandi. Mig langaði að blanda þessu saman í útskriftarlínunni minni, að hafa þægileg efni á móti harðara efni sem erfiðara er að eiga við og ég held að það hafi tekist ágætlega,“ segir Drífa.



**NENNIR EKKI AÐ SAUMA**

Hún segist ekki eiga neina sérstaka tískufyrirmynd en finnst hönnuðirnir Christopher Kane, Gareth Pugh og Margiela vera flottir. „Ég fíla tísku sem er svolítið út úr kassanum. Stundum sé ég eitthvað sem mér finnst alveg sjúkt á pöllunum og hugsa að þetta væri eitthvað sem ég myndi klæðast en svo fæst það hvergi. Það er kannski svolítið skrítið að vera fatahönnuður og sauma ekki en ég nenni yfirleitt ekki að laga fötin mín. Mér finnst mikilvægt að blanda fötum héðan og þaðan saman. Ég hef fengið slatta af dóti frá mömmu, sauma svolítið sjálf þegar ég nenni og kaupi líka eitthvað. Blanda saman gæðafötum við eitthvað ódýrara dót. Mér finnst nefnilega hálfóþægilegt þegar fólk getur séð hvar ég keypti dótið mitt.“

**EKKI HENTUGUR STÍLL**

Drífa elskar að klæða sig í mörg lög af fötum og segist eiginlega ekki kunna að klæða sig á sumrin af því að þá klæðir hún sig alltaf of mikið. „Ég hef undanfarið gengið í gegnum nokkurs konar buxnaæði, mig vantar boli en kaupi mér samt bara buxur. Ég er líka með vesti á heilanum og hef meira að segja verið í þremur vestum í einu. Þá var ég í bol og vesti yfir hann, fór svo í peysu og vesti yfir hana og að lokum jakka og vesti yfir hann. Þetta hljómar kannski skringilega en kom ágætlega út,“ segir Drífa og hlær. Aðspurð segist hún vera í svolitlum vandræðum með þennan stíl á sumrin. „Jú, þetta á kannski frekar við í norðannæðingi. Ég elska skammdegi, snjó og regn. Mig langar oft út að ganga þegar aðrir kvarta yfir veðrinu, ég heiti nú einu sinni Drífa.“










## SÓLGLERAUGU Á BÖRNIN



**VÖRN**
**Þegar sólin skín glatt er ekki bara nauðsynlegt að setja sólarvörn á börn. Það þarf að verja augu þeirra. Börn ættu að velja sér sólgleraugu sjálf svo þau vilji nota þau. Það þarf að bera reglulega á börnin yfir daginn, verja augu þeirra og höfuð. Ekki er gott að hafa heitar húfur en léttar sumarhúfur eru nauðsynlegar. Börn yngri en ársgömul ættu ekki að vera í sól þar sem húð þeirra er afar viðkvæm. Ef börn eru í sólarlandi ættu þau að vera innandyra frá 11-15. Látið barnið vera í bol í sundi eða á strönd og berið vel á þau.**

# HM-blaðið

FIMMTUDAGUR 12. JÚNÍ 2014




VÍÐIR

OPIÐ 10-23 ALLA DAGA

HRINGBRAUT • GARÐABÆ • SKEIFUNNI

# Okkar Hiroshima var HM 1950

**„Í sögu hverrar þjóðar er að finna meiriháttar stórslys eða áfall, eitthvað eins og Hiroshima," sagði brasilíska leikskáldið Nelson Rodrigues eitt sinn. „Okkar stórslys, okkar Hiroshima, var tapið gegn Úrúgvæ 1950." Rodrigues vísar þarna til taps brasilíska landsliðsins fyrir því úrúgvæska í úrslitaleik HM 1950 á Maracanã, hinum þá nýreista þjóðarleikvangi Brasilíu. Brasilía komst yfir með marki Friaça skömmu eftir leikhlé, en tvö mörk frá Juan Schiaffino og Alcides Ghiggia tryggðu Úrúgvæ óvæntan sigur.**





**MARK!!! Juan Schiaffino skorar hér fyrsta mark úrslitaleiksins gegn Brasilíu framhjá Barbosa í markinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Tapið gegn Úrúgvæ – Maracanazo eins það er jafnan kallað – hafði djúpstæð áhrif á brasilísku þjóðarsálina og þrátt fyrir að hafa unnið HM fimm sinum síðan þá, auk annarra titla, er sárið frá 1950 ekki gróið. Brasilía þótti sigurstranglegasta liðið á HM á heimavelli og það voru allir búnir að bóka sigur liðsins. Og ekki að ástæðulausu, því það var svo sannarlega ástæða til bjartsýni.

Búið var að semja sérstakt sigurlag, grafa nöfn leikmanna brasilísku leikmannanna á gullmedalíur, um milljón bolir með áletruninni „Heimsmeistarar" höfðu verið seldir og fyrir leikinn hyllti borgarstjórinn í Ríó de Janeiro sína menn sem heimsmeistara.

Brasilía tefldi fram frábæru liði sem hafði unnið S-Ameríkukeppnina árið áður, þar sem liðið skoraði 46 mörk í átta leikjum. Brasilía vann Mexíkó 4-0 í sínum fyrsta leik á HM, gerði síðan 2-2 jafntefli við Sviss og tryggði sér svo sæti í úrslitariðlinum með 2-0 sigri á Júgóslavíu. Þegar þangað var komið héldu liðinu engin bönd. Brasilía, með framherjatríóið frábæra, Zizinho, Jair og Ademir, tætti Svíþjóð og Spán í sig 7-1 og 6-1 og fátt virtist geta stöðvað liðið.

En Úrúgvæjar voru engir byrjendur og það gleymist stundum hversu gott lið þeirra var. Markvörðurinn Roque Máspoli, Víctor Rodríguez Andrade (nafni hans og frændi hafði orðið heimsmeistari með Úrúgvæ 1930), framherjarnir Schiaffino og Ghiggia voru allir leikmenn í heimsklassa sem og fyrirliðinn með járnviljann, Obdulio Varela, sem barði kjark í sína menn fyrir úrslitaleikinn og lyfti Jules Rimet-styttunni að honum loknum.

Úrúgvæ græddi reyndar á fyrirkomulagi mótsins, en liðið þurfti aðeins að leika einn leik, gegn Bólivíu sem vannst 8-0, til að komast í úrslitariðilinn. HM 1950 var annars nokkuð sérstakt mót. Þetta var í fyrsta sinn í tólf ár og í fyrsta sinn eftir seinni heimsstyrjöldina sem HM fór fram og aðeins 13 lið tóku þátt, eftir að Frakkar og Indverjar drógu sig úr leik á síðustu stundu, en samkvæmt einhverjum heimildum neituðu Indverjar að taka vegna þess að þeir máttu ekki spila berfættir.

Mörg sterk lið vantaði, ólíkra ástæðna vegna. Argentína var ekki með vegna ósættis við brasilíska knattspyrnusambandið, Austurríki tók ekki þátt og bar fyrir sig mikinn ferðakostnað, Þýskaland var í banni, Sovétríkin, Ungverjaland og Tékkóslóvakía neituðu að taka þátt og skoska knattspyrnusambandið neitaði að senda lið af því að Skotland vann ekki Home Championship (árleg keppni milli liðanna á Bretlandseyjum).

England tók hins vegar þátt í fyrsta skipti og var í riðli með Spáni, Síle og Bandaríkjunum. Englendingar unnu Síle í fyrsta leik sínum, en töpuðu svo mjög óvænt fyrir Bandaríkjunum 1-0. Tap fyrir Spáni með sömu markatölu sendi Englendinga heim með skottið á milli lappanna, en Spán áfram í úrslitariðilinn.

Ríkjandi heimsmeistarar Ítalíu voru einnig með, aðallega að nafninu til, en kjarninn úr liðinu hafði farist í Superga-flugslysinu árið áður. Ítalir töpuðu sínum fyrsta leik á HM gegn Ólympíumeisturum Svía og voru nánast úr leik eftir það. Sigur á Paragvæ breytti engu þar um.

Svíar komust í úrslitariðilinn þar sem liðið tapaði fyrir bæði Brasilíu og Úrúgvæ, en þeir gulu og bláu tryggðu sér þriðja sætið með 3-1 sigri á Spáni. Svíar voru með mjög sterkt lið á mótinu, sem hefði þó verið enn sterkara ef sænska knattspyrnusambandið hefði leyft atvinnumönnum – sem flestir léku á Ítalíu, þar á meðal Gunnar Gren, Gunnar Nordahl og Niels Liedholm – að taka þátt.




## Hvað er nýtt á HM?

**Það verður boðið upp á ýmsar nýjungar á HM. Það verður stuðst við marklínutækni og einnig verða dómarar með spreybrúsana á lofti.**



**Prufað var að nota spreyið í heimsmeistarakeppni félagsliða í desember síðastliðnum og reyndist það vel. Með spreyinu geta dómarar merkt hvar eigi að taka aukaspyrnu og síðan geta þeir merkt hvar veggurinn eigi að vera. Spreyið hverfur svo eftir stuttan tíma.**

**„Þetta er frábær lausn. Sumir segja að það taki of langan tíma að nota þetta og ég hafði mínar efasemdir á sínum tíma. Dómararnir eru aftur á móti hæstánægðir með þetta," sagði Sepp Blatter, forseti FIFA.**

**Þetta sprey hefur verið notað síðustu ár bæði í Argentínu og Brasilíu. Notkun spreysins hefur orðið til þess að draga úr tuði leikmanna yfir staðsetningu veggjar og aukaspyrnu. Þar af leiðandi flýtur leikurinn betur.**

**Englendingar munu aldrei gleyma því þegar löglegt mark var tekið af Frank Lampard gegn Þýskalandi á síðasta HM. Það atvik varð þess valdandi að FIFA fór að skoða marklínutækni af fullri alvöru.**

**Hönnun búnaðarins hefur heppnast fullkomlega og tekur það enga stund að fá úr því skorið hvort boltinn hafi verið inni eður ei. Englendingar tóku þetta meðal annars upp á síðustu leiktíð með góðum árangri.**



**„Þessi tækni er algjörlega af hinu góða," sagði Massimo Busacca, fyrrverandi stórdómari og nú yfirmaður dómaramála hjá FIFA. „Það eina sem þessi tækni gerir er að auðvelda dómaranum að sjá hvort boltinn hafi farið yfir línuna. Það er jákvætt og auðvitað eigum við að nýta okkur svona tækni."**

**Ekki eru þó allir knattspyrnuáhugamenn jafn ánægðir með þessa innreið tækninnar í boltann. Til eru þeir sem segja hana taka sjarmann af leiknum og sakna þess að geta rifist um umdeild atriði. Það verður í það minnsta ekkert rifist um það á HM núna hvort boltinn sé inni eða ekki.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141716



# Ronaldo og Messi báðir á höttunum eftir gullstyttunni eftirsóttu

**Cristiano Ronaldo hefur, líkt og Lionel Messi, unnið allt sem einn knattspyrnumaður getur unnið. Og líkt og Messi hefur hann verið gagnrýndur fyrir að ná ekki þeim hæðum með landsliðinu sem hann hefur náð með félagsliðum sínum í gegnum tíðina.**

Það er þó ekki svo að Ronaldo hafi aldrei gert neitt með portúgalska landsliðinu. Þegar hann var 21 árs var hann búinn að spila til verðlauna á tveimur stórmótum. Fyrst á EM 2004, þar sem Ronaldo, þá 19 ára, skoraði tvö mörk í sex leikjum þegar Portúgal endaði í öðru sæti á heimavelli.

Tveimur árum síðar á HM í Þýskalandi skoraði Ronaldo eitt mark í sex leikjum þegar Portúgal endaði í fjórða sæti. Hann var þó aðallega milli tannanna á fólki vegna atviks í átta liða úrslitunum gegn Englandi, þar hann átti að hafa þrýst á dómarann, Horacio Elizondo, að gefa Wayne Rooney, samherja hans hjá Manchester United, rautt spjald eftir að sá síðarnefndi hafði traðkað á Ricardo Carvalho, varnarmanni Portúgal.

Ronaldo tókst hins vegar ekki að fylgja þessari góðu byrjun með landsliðinu eftir. Hann var hálfdaufur á EM 2008, þar sem Portúgal féll úr leik í átta liða úrslitum, og náði sér heldur ekki á strik á HM í Suður-Afríku. Ronaldo skoraði aðeins eitt mark, í 7-0 sigri á Norður-Kóreu, og Portúgal féll úr leik fyrir Spáni í 16 liða úrslitum. „Hinn raunverulegi Ronaldo var ekki með á þessu móti," sagði Carlos Querioz, sem stýrði Portúgal á HM 2010.

Eftir að Paulo Bento tók við af Querioz hefur spilamennska Ronaldos með landsliðinu farið batnandi. Hann var góður á EM 2012 og frammistaða hans gegn Svíþjóð í umspilsleikjum um sæti á HM í Brasilíu síðasta haust var ógleymanleg, en hann skoraði öll fjögur mörk Portúgals í leikjunum tveimur.

Ronaldo hefur átt glæsilegan feril og er fyrir löngu búinn að skrá sig í sögubækurnar. Hann getur skrifað enn einn kaflann í Brasilíu, þangað sem hann átti stærstan þátt í að koma portúgalska landsliðinu.



**Cristiano Ronaldo**

| | |
|---|---|
| **29 ára** | |
| Sporting CP: | **31/5** |
| Man. Utd: | **292/118** |
| | **246/252** |
| Portúgal: | **111/49** |
| HM: | **10/2** |
| EM: | **14/6** |

**Lionel Messi**

| | |
|---|---|
| **26 ára** | |
| Barcelona: | **425/354** |
| Argentína: | **86/38** |
| HM: | **8/1** |
| S-Ameríku-keppnin: | **10/2** |

**Lionel Messi hefur unnið allt sem hægt er að vinna, bæði sem einstaklingur og leikmaður Barcelona. En það vantar einn titil í safnið og þann stærsta að margra mati, sjálfan heimsmeistaratitilinn. Þess er enn beðið að Messi leiði Argentínu til sigurs á HM, líkt og maðurinn sem hann er oftast borinn saman við, Diego Maradona, gerði fyrir 28 árum í Mexíkó.**

Messi lék sinn fyrsta leik á HM þegar hann kom inn á sem varamaður í 6-0 sigri Argentínu á Serbíu og Svartfjallalandi árið 2006. Um leið og Messi kom inn á var myndavélunum beint upp í stúku þar sem Maradona stóð, íklæddur argentínsku landsliðstreyjunni, brosandi út að eyrum eins og stoltur faðir.

Messi var ekki lengi að láta að sér kveða og skoraði mark og átti stoðsendingu á þessum fyrstu 16 mínútum sínum á HM. Hann kom hins vegar ekkert við sögu þegar Argentína féll úr leik fyrir Þjóðverjum í átta liða úrslitum.

Messi mætti svo aftur til leiks í Suður-Afríku fyrir fjórum árum, þar sem Maradona sjálfur stýrði argentínska liðinu. Framan af gekk allt vel en Argentína hljóp á þýskan vegg í átta liða úrslitunum. Lokatölur urðu 4-0 í síðasta leik liðsins undir stjórn Maradona.

Það væri hart að segja að Messi hefði verið slakur í Suður-Afríku, en honum mistókst að finna netmöskvana í fimm leikjum og þótt óreiðukennd leikaðferð Maradona hefði ekki hjálpað til, þá spilaði þessi frábæri leikmaður undir pari.

Messi mistókst einnig að skora í Suður-Ameríkukeppninni 2011, en eftir að Alejandro Sabella tók við sem þjálfari hefur Messi öðlast nýtt líf með argentínska landsliðinu. Sabella gerði hann að fyrirliða og síðan þá hefur Messi skorað 21 mark í 25 landsleikjum.

Argentínski snillingurinn fær í sumar þriðja tækifærið til að sigra á HM. Messi býr yfir öllum heimsins hæfileikum, nú þarf hann bara að virkja þá á því stóra sviði sem HM er.




# Dómararnir á HM

**Þann 14. janúar opinberaði dómaranefnd FIFA listann yfir þá 25 dómara sem munu dæma á HM í Brasilíu. Dómararnir koma frá sex heimsálfum; fjórir frá Asíu, þrír frá Afríku, fimm frá Suður-Ameríku, þrír frá Norður- og Mið-Ameríku, einn frá Eyjaálfu og níu frá Evrópu.**

**Ravshan Irmatov frá Úsbekistan er reynslumesti dómarinn á HM, þrátt fyrir að vera aðeins 36 ára gamall. Hann hefur dæmt 114 landsleiki og var yngsti dómarinn á HM í Suður-Afríku fyrir fjórum árum. Þar dæmdi hann fimm leiki, þar á meðal opnunarleik mótsins og annan undanúrslitaleikinn. Irmatov þykir einna líklegastur til að dæma úrslitaleikinn á Maracana 13. júlí.**

**Í því samhengi hefur einnig verið horft til Japanans Yuichi Nishimura, en hann mun dæma opnunarleik HM á milli Brasilíu og Króatíu. Nishimura dæmdi einnig í S-Afríku, meðal annars leik Hollands og Brasilíu í átta liða úrslitum, auk þess sem hann var fjórði dómari í úrslitaleiknum sem Howard Webb dæmdi.**

**Björn Kuipers þykir einnig líklegur kostur, en Hollendingurinn dæmdi úrslitaleik Álfukeppninnar fyrir ári og úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í vor. Nafn Portúgalans Pedros Proenca hefur einnig verið nefnt, en hann hélt meðal annars um flautuna í úrslitaleik Meistaradeildarinnar 2012 og úrslitaleik EM sama ár.**

**Sú staðreynd að Webb dæmdi úrslitaleikinn 2010 vinnur þó gegn Kuipers, Proena og öðrum evrópskum dómurum. Það er sömuleiðis ólíklegt að dómari frá Suður-Ameríku fái stóra tækifærið, en 40 ár eru liðin frá því dómari frá sömu heimsálfu og HM er haldið í dæmdi úrslitaleik.**



Ravshan Irmatov

**Argentínumaðurinn Nestor Pitana og Brasilíumaðurinn Sandro Ricci eru reynsluminnstu dómararnir á HM, en þeir hafa báðir dæmt 38 landsleiki. Þeir þreyta frumraun sína á HM ásamt 17 öðrum dómurum.**

**Áhorfendur ættu einnig að fylgjast með hinum mexíkóska Marco Rodríguez sem er afar spjaldaglaður. Rodríguez, sem er að fara á sitt þriðja HM, hefur gefið 51 rautt spjald í þeim 79 landsleikjum sem hann hefur dæmt á ferlinum. Mexíkóinn starfar sem prestur meðfram dómgæslunni.**



NIVEA MEN
ÞAÐ BYRJAR HJÁ ÞÉR
0% ALKÓHÓL*
ENGINN SVIÐI
NIVEA MEN
SENSITIVE
AFTER SHAVE BALM
NIVEA MEN
SENSITIVE
AFTER SHAVE BALM
ÞAÐ ER TIL BETRI LEIÐ TIL AÐ RÓA HÚÐINA
Prófaðu nýju NIVEA MEN Sensitive næringuna eftir rakstur.
Án alkóhóls og berst gegn sviða, kláða og roða.
*Ekkert Etanól
NIVEAMEN.COM

# Allt við suðumark

**Valið á Brasilíu sem gestgjafa HM í knattspyrnu árið 2014 kom fáum á óvart. Eftir að Kólumbía dró umsókn sína um að halda keppnina til baka var Brasilía eina umsóknarþjóðin sem stóð eftir. Það var því aðeins formsatriði að nafn landsins yrði dregið úr umslaginu í október 2007. Brasilía hafði frá upphafi verið augljósi valkosturinn enda kváðu reglur FIFA á um að hvert heimsmeistaramót yrði að vera haldið í ólíkri heimsálfu og árið 2014 var röðin komin að Suður-Ameríku.**









Fyrir ekki svo löngu virtist allt í lukkunnar velstandi í Brasilíu. Efnahagurinn blómstraði, Ríó de Janeiro var valin til að halda Ólympíuleikana 2016 og ekki skemmdi sigurinn á heimsmeisturum Spánverja í úrslitaleik Álfukeppninnar 2013 fyrir.

Undir yfirborðinu kraumaði hins vegar djúpstæð óánægja. Þegar Álfukeppnin í Brasilíu hófst gekk mótmælaalda yfir landið. Í Ríó mótmæltu 300.000 manns hið minnsta og samanlagt tvær milljónir manna tóku þátt í mótmælum í meira en 80 borgum víðs vegar um Brasilíu. Mótmælin hafa meðal annars verið kölluð Revolta do Busão, eða Strætóbyltingin, og var þeim beint gegn hækkandi fargjöldum í almenningssamgöngum.

Það var þó ekki allt, því aðrir þættir komu einnig inn í dæmið. Almenningur var búinn að fá sig fullsaddan af landlægri spillingu og skorti á fjárveitingu í mennta- og heilbrigðismál, á sama tíma og óheyrilegar fjárhæðir fóru í að undirbúa dýrustu heimsmeistarakeppni sögunnar. Bloomberg-fréttaveitan gerir ráð fyrir að keppnin muni kosta rúma 1.600 milljarða króna, en þessar upphæðir, sem hafa farið langt fram úr áætlun, hafa vakið hneykslan.

Reiði fólks beinist ekki einungis gegn stjórnvöldum heldur einnig gegn FIFA sem margir sjá fyrir sér sem græðgina holdi klædda, hrægamm sem muni rýja Brasilíu inn að skinni. Knattspyrnugoðsögnin Romário hefur meðal annarra lýst sig andsnúinn fjáraustrinu og kallað Sepp Blatter, forseta FIFA, þjóf og skíthæl.

Mótmælin hafa tekið aftur við sér eftir því sem nær dregur mótinu, en nú síðast fóru lestarstarfsmenn í Sao Paulo í verkfall og lömuðu þar með stóran hluta samgöngukerfis fjölmennustu borgar landsins. Hrottaskapur lögreglunnar hefur heldur ekki bætt úr skák, bæði gagnvart mótmælendum og í „friðþægingaraðgerðum“ í fátækrahverfunum. Gróft ofbeldi af hálfu lögreglumanna er ekki óalgengt í baráttu hennar gegn glæpagengjum og fólk er jafnvel hræddara við laganna verði en glæpamennina.

Ævintýri Brasilíu virðist vera að breytast í martröð. Góðærinu er lokið og framtíðin er óljós. Þeim Brasilíumönnum sem eru óánægðir með ástandið í landinu fjölgar sífellt og mælast þeir nú 72 prósent þjóðarinnar. Fólk virðist ekki sætta sig lengur við grófa misskiptingu auðs, spillingu og taumlausa eyðslu í hvíta fíla líkt og HM.

Það eina sem gæti réttlætt fjáraustrið í augum margra Brasilíumanna er heimsmeistaratitill. En þótt Brasilía standi uppi sem sigurvegari á HM er það engin trygging fyrir því að öldurnar lægi, enda bíða þessa fjölmennasta ríkis Suður-Ameríku miklar áskoranir. Það er oft sagt að knattspyrna sé trúarbrögð. Ef svo er þá hefur brasilíska þjóðin fundið takmörk trúar sinnar.




## Á síðustu stundu

**Þegar hinn 32 ára gamli byggingaverkamaður Muhammad´Ali Maciel Afonso mætti í vinnuna fimmtudaginn 8. maí fyrr á þessu ári var það hans síðasti vinnudagur. Hann var að setja upp samskiptabúnað í hinum glænýja leikvangi Arena Pantanal í vestanverðri Brasilíu þegar hann varð fyrir raflosti. Hálftíma síðar var hann látinn.**



**Afonso var áttundi verkamaðurinn sem lést við undirbúning heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem hefst í dag. Fyrr á þessu ári fóru verkamenn við Manaus-leikvanginn í verkfall til að krefjast betri vinnuaðstæðna eftir að þriðji vinnufélagi þeirra hafði látist af slysförum.**

**Það hefur gengið á ýmsu í undirbúningnum fyrir HM. Þrátt fyrir að allir tólf leikvangarnir ættu að vera tilbúnir fyrir árslok 2013 standa framkvæmdir við nokkra þeirra enn yfir.**

**Einnig er óvíst hvort flugvellir og aðrar samgöngur landsins verði tilbúnar til að taka á móti öllum þeim fjölda fólks sem kemur til með að heimsækja landið meðan á HM stendur. Sepp Blatter hefur lýst því yfir að á ferli sínum hjá FIFA hafi hann aldrei séð gestgjafa vera jafn langt á eftir áætlun, jafnvel þótt Brasilía hafi fengið meiri tíma en nokkur önnur gestgjafaþjóð til að undirbúa sig.**

**Arena de São Paulo mun hýsa opnunarleik mótsins á milli Brasilíu og Króatíu. Þak leikvangsins mun þó líklega ekki vera tilbúið fyrr en að mótinu loknu. Í undirbúningsleik fyrr í mánuðinum voru aðeins 40.000 miðar seldir, þótt völlurinn taki 65.000 manns í sæti. Ástæðan var sú að slökkviliðið vildi ekki hleypa áhorfendum inn á hluta vallarins af öryggisástæðum.**

**Erfiðleikarnir við undirbúning HM munu að öllum líkindum endurtaka sig fyrir Ólympíuleikana í Ríó 2016. Nýlega kom fram í fréttum að flóinn, þar sem siglingakeppnir leikanna munu fara fram, er og verði undirlagður rusli, skólpi og jafnvel mannslíkum og hundshræjum. En eins og staðan er núna eiga Brasilíumenn nóg með að leggja lokahönd á HM sem hefst í dag.**

**Heimsmeistaramótið 2014 á að vera tákn um vaxandi efnahagsmátt og sterka stöðu Brasilíu í alþjóðasamfélaginu, líkt og þegar landið hélt HM síðast fyrir 64 árum. Hinir glæstu draumar þjóðarinnar urðu þá vonbrigðum að bráð, bæði á knattspyrnuvellinum og í brasilísku samfélagi. Mun sagan endurtaka sig í ár?**




siminn.is

**Sæktu Sjónvarp Símans appið og taktu HM með þér í fríið**
Með snjalltæki og Sjónvarp Símans appinu geturðu horft á útsendingar frá HM í fótbolta hvar sem er á 3G/4G neti Símans.

**Síminn býður þér á opnunarleikinn**
Opnunarleikur Brasilíu og Króatíu verður að sjálfsögðu í beinni og ef þú ert 3G/4G viðskiptavinur Símans borgarðu ekkert fyrir gagnamagnið þegar þú streymir leiknum með appinu.

**Vertu í sterkara sambandi - Síminn**




ENNEMM / NM63188

# LG HM TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM




LG

## ÓTRÚLEG SKERPA OG GÆÐI

50" Full HD Plasma sjónvarp 1920x1080p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Superb Contrast. 2.000.000:1. Real Cinema 24p. Digital móttakari DVB-T2. Progressive Scan. 20w Nicam Stereó, Virtual Surround. USB tengi fyrir afspilun á DivX HD, JPEG, MP3, WMA. Scart, 2x HDMI, Component tengi, CI rauf, CVBS, Optical tengi o.fl.

**600Hz MAX**
Með 600 riðum tryggir þetta LG sjónvarp þér skýra og góða mynd, jafnvel þegar verið er að horfa á hraðar myndir eins og fótbolta eða spila tölvuleiki.

**Triple XD Engine**
Öflugur Triple XD myndvinnslubúnaður nær fram ótrúlegum gæðum í litum og skerpu 3.000.000:1.

**Protective Glass**
Tækið er með gler framan á skjánum sem verndar tækið og dregur úr líkum á að tækið skemmist.

**LG-50PN650T**

# 129.990

FULLT VERÐ 149.990

TRIPLE XD ENGINE · 600Hz Sub Field Driving · Protective Glass

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Fylgstu með þessum á HM

## Ivan Rakitić

**26 ára,** miðjumaður
**Króatía** (62/9) **Sevilla**

Króatinn átti frábært tímabil með Sevilla, sem vann Evrópudeildina og endaði í fimmta sæti í spænsku úrvalsdeildinni. Rakitic, sem er fæddur og uppalinn í Sviss, er sparkviss með afbrigðum, með góða yfirsýn og getur bæði skapað og skorað mörk. Hann og Luka Modrić spila saman á miðju króatíska liðsins og eins og við Íslendingar fengum að kynnast í umspilsleikjunum síðasta haust getur verið næsta ómögulegt að ná boltanum af þeim.



## Serge Aurier

**21 árs,** hægri bakvörður
**Fílabeinsströndin** (9/0) **Toulouse**

Aurier er búinn að bola Emmanuel Eboue burt úr landsliðinu og hefur eignað sér hægri bakvarðarstöðuna hjá Fílabeinsströndinni. Hann er gríðarlega kraftmikill og öflugur jafnt í vörn sem sókn. Aurier skoraði sex mörk fyrir Toulouse á tímabilinu, lagði upp önnur sex og var valinn í lið ársins í frönsku úrvalsdeildinni. Þykir líklegur arftaki Bacarys Sagna hjá Arsenal.



## Keylor Navas

**27 ára,** markvörður
**Kostaríka** (53/0) **Levante**

Kostaríka lenti í erfiðum riðli, með Ítalíu, Englandi og Úrúgvæ. Það kemur því væntanlega mikið til með að mæða á markverði liðsins, Keylor Navas. Hann er þó vanur að hafa mikið að gera, en enginn markvörður í fimm bestu deildum Evrópu varði fleiri skot en Kostaríkamaðurinn á nýafstöðnu tímabili. Navas hélt 16 sinnum hreinu og átti stærstan þátt í því að Levante fékk aðeins 43 mörk á sig í spænsku úrvalsdeildinni, en aðeins efstu fjögur liðin fengu á sig færri mörk.



## Ricardo Rodríguez

**21 árs,** vinstri bakvörður
**Sviss** (21/0) **Wolfsburg**

Jóhann Berg Guðmundsson fór illa með Rodríguez í eftirminnilegum leik Sviss og Íslands í fyrra, en það breiðir ekki yfir þá staðreynd að hann er einn besti ungi leikmaðurinn í Evrópu. Rodríguez, sem á spænskan föður og móður frá Síle, er með magnaðan vinstri fót og er hættulegur í föstum leikatriðum sem og í opnum leik. Bakvörðurinn skoraði fimm mörk og gaf níu stoðsendingar í þýsku Bundesligunni á tímabilinu sem leið.



## Juan Cuadrado

**26 ára,** kantmaður
**Kólumbía** (28/4) **Fiorentina**

Kólumbía hefur á að skipa mörgum spennandi leikmönnum og Juan Cuadrado er einn þeirra. Hann er fjölhæfur, býr yfir miklum hraða, krafti og tækni sem gera hann að einum besta „dribblaranum“ í fótboltanum í dag. Þegar Cuadrado er í stuði er fátt sem getur stöðvað hann. Kólumbíumaðurinn spilaði frábærlega með Fiorentina á nýafstöðnu tímabili og skoraði meðal annars 11 mörk í Serie A.



## Oribe Peralta

**30 ára,** framherji
**Mexíkó** (27/16) **Club América**

Peralta vann sér ekki fast sæti í mexíkóska landsliðinu fyrr en hann varð orðinn 27 ára, en síðan þá hefur hann ekki hætt að skora. Peralta tryggði Mexíkó gullverðlaun á Ólympíuleikunum í London 2012 með tveimur mörkum í úrslitaleiknum gegn Brasilíu, og þá skoraði hann tíu mörk í undankeppni HM 2014, en fimm þeirra komu í umspilsleikjunum gegn Nýja-Sjálandi.





TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

CRAFT ParkTool Zoot LG GARNEAU SCHWALBE BROOKS




# 20% afsláttur

# CUBE AIM SL 29"

## Á meðan birgðir endast!

Einnig er 20% afsláttur af CUBE LTD CLS HYBRID á meðan birgðir endast!

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Þessir slógu óvænt í gegn á HM

**Salvatore Schillaci**
**Ítalía | HM 1990**

Sennilega frægasta dæmið um eins móts undur. Enginn sá það fyrir að Schillaci yrði ein af aðalstjörnum HM 1990. Sikileyingurinn kom inn á sem varamaður í fyrsta leik Ítalíu gegn Austurríki og skoraði sigurmarkið, en alls skoraði hann sex mörk á mótinu og varð markakóngur þess. Frægðarsól Schillacis hneig hins vegar hratt til viðar. Hann skoraði aðeins eitt mark fyrir ítalska landsliðið eftir HM 1990 og aðeins 22 mörk á næstu fjórum tímabilum í Serie A. Schillaci lauk ferlinum með Júblio Iwata í Japan.





**Joe Gaetjens**
**Bandaríkin | HM 1950**

Gaetjens lék aðeins þrjá landsleiki og skoraði eitt mark, en með því skráði hann nafn sitt í HM-sögubækurnar. Gaetjens skoraði eina mark leiksins þegar Bandaríkin unnu England á HM 1950, en þau úrslit eru jafnan talin með þeim óvæntari í sögu HM. Þegar enskur ritstjóri sá úrslitin taldi hann að um innsláttarvillu væri að ræða, leikurinn hlyti að hafa farið 10-1 fyrir England. Það skrítnasta við þetta allt saman var kannski að Gaetjens, sem fæddist á Haítí, var ekki einu sinni með bandaríska ríkisborgararétt og fékk aldrei slíkan. Talið er að hann hafi verið tekinn höndum og myrtur af leyniþjónustu François „Papa Doc" Duvalier, forseta Haítí, árið 1964.

**Oleg Salenko**
**Rússland | HM 1994**

„Hann er kominn, hann er farinn," þau fleygu orð úr Útlaganum eiga ágætlega við um landsliðsferil Salenkos. Hann átti aðeins fimm landsleiki að baki fyrir Rússland þegar HM 1994 hófst og hann bætti þremur við í Bandaríkjunum. Salenko kom inn á sem varamaður gegn Brasilíu, skoraði eina mark Rússlands í tapi gegn Svíþjóð og sprakk svo út í lokaleiknum gegn Kamerún þar sem hann skoraði fimm mörk, en Salenko er til þessa dags eini leikmaðurinn sem hefur afrekað það í sögu HM. Leikurinn gegn Kamerún var jafnframt hans síðasti landsleikur.





**Pak Doo-Ik**
**Norður-Kórea | HM 1966**

Norður-Kórea fékk eitt stig úr fyrstu tveimur leikjum sínum á HM 1966 og aðstoðarþjálfari Ítalíu, sem fylgdist með þeim, sagði að það hefði verið eins og að horfa á gamanmynd. En í þriðja leiknum komu N-Kóreumenn, vel studdir af áhorfendum á Ayresome Park í Middlesbrough, öllum á óvart og unnu Ítali 1-0 með marki frá Pak. N-Kóreumenn fóru áfram í átta liða úrslit á kostnað Ítala sem voru grýttir með tómötum við heimkomuna. Pak og félagar duttu út í átta liða úrslitum gegn Portúgal (eftir að hafa komist 3-0 yfir eftir 24 mínútna leik), en afrekum þeirra voru seinna gerð skil í heimildarmyndinni The Game Of Their Lives.

**Mwepu Ilunga**
**Saír | HM 1974**

Ein helsta költhetja HM-sögunnar. Ilunga er þekktastur fyrir atvik sem átti sér stað í leik Saír og Brasilíu á HM 1974, þar sem hann hljóp úr varnarveggnum og þrumaði boltanum í burtu þegar Brasilíumenn voru að undirbúa aukaspyrnu. Þetta leit kjánalega út, Brassarnir hristu hausinn og áhorfendur hlógu, en raunveruleikinn var ekki jafn broslegur. Ilunga og samherjar hans, sem höfðu tapað tveimur fyrstu leikjum sínum 2-0 og 9-0, fengu fyrir leikinn þau skilaboð frá mönnum einræðisherrans, Mobutu Sese Seko, að ef þeir myndu tapa með fleiri en þremur mörkum gegn Brasilíu fengju þeir aldrei að sjá fjölskyldur sínar framar. Leikurinn gegn Brasilíu var því í bókstaflegri merkingu upp á líf og dauða fyrir Saírmenn. Sem betur fer endaði leikurinn „bara" 3-0 og Ilunga er, eftir því sem best er vitað, enn á lífi.








## Spilað með Brazuca

**Keppnisbolti HM 2014 heitir Brazuca og er hannaður af Adidas sem hefur séð FIFA fyrir boltum á HM síðan 1970. Þetta er í fyrsta skipti sem almenningur velur nafn á keppnisboltann.**

**Yfir milljón manns tóku þátt í kosningunni um besta nafnið og fékk Brazuca tæplega 78 prósent atkvæða. Hin nöfnin sem komu til greina voru Bossa Nova og Carnavalesca. Bossa Nova fékk rúm 14 prósent en Carnavalesca aðeins rúm 7 prósent.**

**Munstrið og litirnir í boltanum er vísun í hin brasilísku óskabönd sem eru mjög svo vinsæl í landinu. Orðið Brazuca er orð sem heimamenn nota meðal annars stoltir er þeir lýsa því hvernig það sé að vera Brasilíumaður og einlægur knattspyrnuunnandi.**

**Boltinn er framleiddur í Pakistan af Forward Sports. Fyrirtækið fékk samninginn óvænt eftir að aðalframleiðandi Adidas í Kína gat ekki sinnt eftirspurninni. Forward Sports hefur unnið með Adidas síðan 1995 og framleitt marga bolta fyrir fyrirtækið, meðal annars bolta fyrir Meistaradeildina.**

**Boltinn er 473 grömm að þyngd og hann var prófaður af yfir 600 knattspyrnumönnum og 30 liðum út um allan heim á tveimur og hálfu ári. Meðal þeirra sem gáfu sitt samþykki voru Lionel Messi og Zinedine Zidane.**





Wilson's PIZZA
2014
FIFA WORLD CUP
Brasil
ÞAÐ VERÐUR HM VEISLA Á WILSONS PIZZA!
STÓR PIZZA AF MATSEÐLI MEÐ
40% AFSLÆTTI
GILDIR FRAM YFIR ÚRSLITALEIKINN
Stór Rambó
Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur
2990
1794
kr.
Stór Hawaiian
Pizzasósa, ostur, skinka, ananas
2490
1494
kr.
Stór Double pepp
Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litid)
2790
1674
kr.
PANTAÐU Á NETINU
581 15 15
wilsons.is
Ánanaustum
Gnoðavogi 44
Eddufelli 6
Vesturlandsvegi

# Lukkudýrið Fuleco




Það er löngu komin hefð fyrir því að það sé sérstakt lukkudýr á HM. Fyrsta lukkudýrið var á HM í Englandi árið 1966. Það hét hinu skemmtilega nafni World Cup Willie. Lukkudýrið var eðlilega ljón.

Lukkudýrið í Brasilíu heitir Fuleco og er beltisdýr. Þessi tegund af beltisdýri er aðeins til í Brasilíu og þess utan í útrýmingarhættu. Brasilíumönnum er umhugað um dýrið.

Með því að velja beltisdýr sem lukkudýr mótsins vonast Brasilíumenn til að fólk kynni sér þann fjölda dýra sem eiga heimkynni í landinu. Hvað sem því líður þá má klárlega stóla á að Fuleco verður í banastuði næsta mánuðinn.




# Hm í tölum

1. **Bosnía og Hersegóvína** er eini nýliðinn á HM. Bosníumenn hafa áður leikið á HM, undir merkjum Júgóslavíu, en þetta er í fyrsta sinn sem Bosnía tekur þátt sem sjálfstætt ríki.
2. **Ekkert lið hefur fengið á sig** jafn fá mörk á HM og Angóla. Liðið var með í fyrsta og eina skipti í Þýskalandi 2006, þar sem liðið fékk aðeins á sig tvö mörk í þremur leikjum gegn Portúgal, Mexíkó og Íran.
3. **England hefur oftast fallið** úr leik án þess að hafa tapað leik (vítaspyrnukeppnir ekki meðtaldar). Það gerðist 1982, 1990 og 2006.
4. **Þýskaland hefur oftast unnið** silfur og brons á HM, eða fjórum sinnum hvor verðlaun. Alls hafa Þjóðverjar unnið til verðlauna á 11 af þeim 17 mótum sem liðið hefur tekið þátt í til þessa.
5. **Bora Milutinovic og Carlos Alberto Parreira** hafa þjálfað flest lið á HM, eða fimm lið hvor. Milutinovic stýrði Mexíkó (1986), Kostaríka (1990), Bandaríkjunum (1994), Nígeríu (1998) og Kína (2002) og Parreira þjálfaði Kúveit (1982), Sameinuðu arabísku furstadæmin (1990), Brasilíu (1994 og 2006), Sádi-Arabíu (1998) og Suður-Afríku (2010).
6. **Aldrei hafa jafn margir leikmenn skorað** fimm eða fleiri mörk á einu HM og árið 1994 í Bandaríkjunum. Hristo Stoichkov og Oleg Salenko skoruðu báðir sex mörk og Romário, Kenneth Andersson, Jürgen Klinsmann og Roberto Baggio fimm hver.
7. **Ekkert lið hefur farið taplaust** í gegnum jafn mörg mót og Brasilía. Það hefur gerst sjö sinnum: 1958, '62, '70, '78, '86, '94 og 2002.
8. **Átta lið hafa orðið heimsmeistarar:** Úrúgvæ, Ítalía, Þýskaland, Brasilía, England, Argentína, Frakkland og Spánn.
9. **Þrír leikir á HM hafa endað** með níu marka sigri: Ungverjaland 9-0 S-Kórea (1954), Júgóslavía 9-0 Saír (1974) og Ungverjaland 10-1 El Salvador (1982).
10. **Peter Shilton og Fabien Barthez** hafa haldið hreinu oftast allra markvarða á HM, eða tíu sinnum hvor.
11. **Enginn þjálfari hefur stýrt liði** til jafn margra sigra í röð og Luiz Felipe Scolari. Undir hans stjórn vann Brasilía alla sjö leiki sína á HM 2002 og Portúgal fyrstu fjóra á HM 2006.
12. **Aldrei hafa verið skoruð** fleiri mörk í leik á HM en þegar Austurríki vann Sviss með sjö mörkum gegn fimm árið 1954.
13. **Just Fontaine á metið** yfir flest mörk skoruð í einni keppni. Framherjinn skoraði 13 mörk þegar Frakkland vann til bronsverðlauna á HM í Svíþjóð 1958.
14. **Ekkert lið hefur tekið** jafn oft þátt á HM án þess að komast í undanúrslit og Mexíkó.
15. **Ronaldo er markahæsti** leikmaður í sögu HM með 15 mörk. Hann skoraði fjögur mörk 1998, átta mörk 2002 og þrjú mörk 2006.
16. **Bakvörðurinn Cafu** hefur oftast verið í sigurliði á HM, eða 16 sinnum.
17. **Ekkert lið hefur leikið** jafn marga leiki í röð á HM án þess að vinna, en Búlgaría vann ekki fyrr en í 18. leik.
18. **Brasilía (1930-1958) og Þýskaland (1934-1958)** hafa skorað að minnsta kosti eitt mark í flestum leikjum í röð á HM, eða 18 talsins.
19. **Ekkert lið hefur endað** jafn oft í efstu 16 sætunum á HM og Brasilía,.
20. **HM í Brasilíu** er 20. mótið sem fer fram. Brasilía er eina liðið sem hefur tekið þátt á þeim öllum.


ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR
SNICKERS
ER MÁLIÐ!

# Demichelis verður hetjan

Í A-riðli vinna Brassar en baráttan um annað sætið verður milli Íslandsvinanna í Króatíu og Mexíkó.

Spánverjar og Hollendingar verða í tveimur efstu sætunum í B-riðli og Kólumbía og Fílabeinsströndin rúlla upp C-riðlinum.



Arnar Björnsson

D-riðillinn verður jafn og algjörlega vonlaust að spá um úrslitin þar. Ítalir gætu unnið en meiðsli Luis Suarez gætu hjálpað Englendingum til að vinna annað sætið.

Frakkar og Sviss bursta E-riðilinn og flott frumraun Bosníu tryggir þeim annað sætið í F-riðli, sem Argentína sigrar í. Gana kemur á óvart og fylgir Þjóðverjum úr G-riðli (Ronaldo er enn meiddur). Belgar taka Rússa með sér úr H-riðli.

Liðin fjögur sem komast í undanúrslit verða Brasilía, Argentína, Spánn og Þýskaland. Í undanúrslitum verða Suður-Ameríkuliðin sterkari, Brasilía vinnur Þýskaland (sem saknar Mario Götze) og Lionel Messi kremur hjörtu Spánverja í tætlur og fer á kostum þegar Argentína skýtur heimsmeisturunum út úr keppninni.

Í úrslitaleiknum verður Martín Gastón Demichelis hetja Argentínumanna þegar hann pakkar sókndjörfum Brössum saman. Messi skorar í úrslitaleiknum og gengur brosandi af leikvelli með styttuna í vinstri hendinni.

# Brasilía tekur þetta

Þetta verður að sjálfsögðu afar forvitnilegt. Það hefur gengið á ýmsu í aðdraganda mótsins sem tengist í raun ekki fótbolta. Það er því meiriháttar að þetta er loksins að hefjast.



Hörður Magnússon

Keppnin er haldin í Brasilíu í annað skiptið. Árið 1950 ríkti þjóðarsorg þegar Úrúgvæ vann Brassana í frægum leik þegar rúmlega 200.000 manns að því er talið er á Maracana sáu ein óvæntustu úrslit í sögu keppninnar.

Nú er öldin önnur. Brassarnir ætla sér sigur og ég er á því að það takist með Luis Felipe Scolari við stjórnvölinn. Hann var einmitt með liðið þegar það varð heimsmeistari síðast árið 2002.

Ég tel að Argentína fari mjög langt en ekkert Evrópulið hefur unnið keppnina utan heimsálfunnar, undantekning er auðvitað Spánn í Suður-Afríku fyrir fjórum árum.

Ég tel að Lionel Messi og Neymar gætu orðið stærstu leikmennirnir en gríðarlegar væntingar eru gerðar til þessara leikmanna.

Spænska liðið er helsta von Evrópu en það eru kannski einna helst Þjóðverjar sem gætu farið langt, en varnarleikur liðsins er hins vegar höfuðverkur.

Vonbrigðin verða einna helst Holland og Ítalía. Hef ekki trú á að þessi lönd komist langt.

Með öðrum orðum Brasilía verður heimsmeistari í sjötta skipti og Argentína er til vara hjá mér.

# Messi fetar í fótspor Maradona



Guðmundur Benediktsson

**HM haldið í Mekka knattspyrnunnar er eitthvað sem getur ekki klikkað, undirbúningurinn hefur kannski ekki gengið þrautalaust fyrir sig en ég tel þó alveg ljóst að gestgjafinn mun setja upp mikið „show“ fyrir okkur. Það hefur verið venjan að „heima“-álfan geri vel og það verður engin breyting á því í þessari keppni.**

**Heimamenn og Argentína eru þau lið sem flestir tala um sem líklega sigurvegara og það get ég tekið undir en ég er einnig sannfærður um að Spánverjar verða áfram í baráttu um gullið á stórmótum. Einhverjir halda því fram að tími þeirra sé liðinn en þeir hafa eignast nýtt líf með komu Diegos Costa, sem gefur þeim nýjar víddir í sóknarleik sinn. Frakkland, Þýskaland, Síle og Belgía eru líka þjóðir sem gætu farið langt en Argentína er þó það lið sem ég tippa á að vinni mótið. Þeir eiga besta knattspyrnumann heims í Lionel Messi og það er eitthvað sem segir mér að hann taki ´86 Maradona á þetta og sigli þessu heim nánast upp á sitt einsdæmi.**

**Vonbrigði er orð sem oft er nefnt í sömu setningu og enska liðið og á því verður ekki breyting í ár. Þeir falla úr leik í 16 liða en gætu þó slefað í 8 liða ef heppnin er með þeim.**

**Mestu vonbrigðin verða þó Holland þar sem liðið er í fyrsta lagi ekki eins sterkt og sumir halda en það sem er verra er að Van Gaal, þjálfari þeirra, er upptekinn við annað og stærra starf sem mun hafa slæm áhrif á liðið.**

**Áfram HM!**




